



Ársskýrsla
2013

Efnisyfirlit

1	Ávarp formanns	4
2	Staða og hlutverk skólans	5
	Hlutverk	5
	Framtíðarsýn	5
3	Gildi og stefna Tækniskólans, skóla atvinnulífsins 2011-2013	6
	3.1 Gildi Tækniskólans:	6
	Menntun.....	6
	Virðing	6
	Fagmennska.....	6
	Framsækni.....	6
	3.2 Stefna í kennslu og námi	6
	3.3 Stefna í þróun námsbrauta	7
	3.4 Stefna um mannauð, ánægju nemenda og starfsmanna	7
	3.5 Stefna um rekstur, skipulag og húsnæði	7
4	Skipulag og sérstaða.....	8
5	Stjórn skólans og stjórnendur.....	9
	5.1 Eigendur og stjórn	9
	5.2 Stjórnendur og skipurit.....	9
6	Skólar Tækniskólans	10
	6.1 Byggingatækniskólinn.....	10
	6.2 Endurmenntunarskólinn.....	10
	6.3 Tækniakademían.....	11
	6.4 Fjölmenningskólinn.....	11
	6.5 Flugskóli Íslands	12
	6.6 Hársnyrtiskólinn	13
	6.7 Hönnunar- og handverksskólinn.....	14
	6.8 Raftækniskólinn	15
	6.9 Skipstjórnarskólinn	16
	6.10 Tækni menntaskólinn.....	16
	6.11 Véltækniskólinn	17
	6.12 Upplýsingatækniskólinn	19
7	Kjarnaskólahlutverk TS	21
8	Fámennar námsbrautir	22



9	Ýmsar tölulegar upplýsingar um skólahald	23
9.1	Yfirlit yfir nemendafjölda á einstökum brautum í 2008 -2013	23
9.2	Brottfall árið 2013	26
9.3	Kynjahlutfall í Tækniskólanum 2013.....	27
9.4	Brautskráningar	27
9.5	Áfangastjórn.....	28
9.6	Námsstjórn.....	28
10	Sjálfsmat og innra eftirlit	29
10.1	Gæðakerfi	29
10.2	Kennslumat	29
10.3	Miðannarmat	30
10.4	Innri rýni	30
11	Félagslíf Nemenda	31
11.1	Nemendasamband Tækniskólans	31
11.2	Fjármál NST	31
11.3	Aðstaða NST.....	32
11.4	Viðburðir.....	32
12	Samvinna og tengsl við atvinnulífið	32
13	Brot af umfjöllun um skólann og starfsemi hans í fjölmiðlum	37
14	Rekstrarsvið – stoðþjónusta	41
14.1	Umsjón húsnæðis	41
14.2	Bókasafn og upplýsingamiðstöð	41
14.3	Tölvudeild.....	42
14.4	Starfsmannahald	43
14.5	Starfsmannafundir.....	43
14.6	Starfsmannafélag, starfsemi	47
14.7	Fjármálastjórn, bókhald og skólaskrifstofa.....	47
14.8	Afkoma ársins	47



1 Ávarp formanns

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, hefur starfað nú í sex ár. Tveir stórir framhaldsskóla voru sameinaðir í einn öflugan skóla og úr varð stærsti framhaldsskóli landsins. Uppbygging skólans hefur gengið vel og það er ánægjulegt að sjá þann metnað og dugnað sem starfsfólk skólans hefur haft til að láta það ganga upp.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lög rík áherslu á að efla menntakerfið með hagsmuni nemenda og þjóðarinnar allrar að leiðarljósi. Þar er sérstaklega lögð áhersla á nám í iðn-, verk-, tækni-, hönnunar- og listgreinum og að efla tengsl þessara námsgreina við atvinnulífið. Ríkisstjórnin vill að komið verði á fót samstarfsvettvangi menntamálayfirvalda, kennara og hagsmunaaðila í atvinnulífi um framtíðarsýn og mótun menntastefnu í þessum greinum. Unnið verði gegn brottfalli úr námi, m.a. með styrkingu náms- og starfsfræðslu á grunn- og framhaldsskólastigi.

Mikil umræða hefur verið um styttingu náms á framhaldsskólastigi. Upphaflega snérist umræðan um styttingu náms í bóknámi en vonandi eru menn að tala um styttingu framhaldsskólanáms almennt – þar með talið verknám. Skiptar skoðanir hafa verið í þessum efnum en ég tel að menn eigi að ganga að þessu verkefni með opnum huga. Ef við skoðum uppbyggingu náms í verknáminu þá eru iðngreinar með innbyggða starfsþjálfun mislanga eftir greinum allt frá 24 vikum upp í 100 vikur. Stytting framhaldsskóla og hvernig vinnustaðanami verður háttáð verður líklega samtvinnuð – það er vel - en til að sátt verði um þá vinnu þarf atvinnulífið, skólar og yfirvöld menntamála að vinna saman að því verkefni. Samstarf verður að vera á milli skóla og þeirra fyrirtækja sem annast vinnustaðanám þannig að kröfur séu gerðar til gæða kennslu og þjónustu vinnustaðanna með sama hætti og kröfur eru gerðar til gæða og þjónustu skólanna. Greiða á fyrir vinnustaðanamið með sama hætti og skólar fá greitt enda er um nám að ræða á vinnustaðnum sem er hluti náms nemenda. Það er jafnvel hægt að flytja einhvern hluta náms sem er í skólunum út á vinnustaðina og öfugt og þá ekki endilega í lok náms heldur jafnt og þétt eftir því sem þarfir og kröfur námsins segja til um. Við verðum að horfa á nám nemandans sem eina heild. Atvinnulíf og skólar verða að vinna saman til að það sé mögulegt.

Tækniskólans, skóli atvinnulífsins veitir fjölbreytta verk- og tæknimenntun og mun gera það um ókomin ár. Sterk verk- og tækniþekking er nauðsynleg fyrir hvert það þjóðfélag sem vill stand sig í samkeppni þjóða um góð lífsskjör.

Stjórnarformaður Tækniskólans, skóla atvinnulífsins,

Bolli Árnason



2 Staða og hlutverk skólans

Í þjónustusamningi TS og mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá 2008 er kveðið á um áherslur, markmið og hlutverk skólans. Það er mat Tækniskólans að vel hafi tekist að starfa eftir þeim stefnumiðum og ná þeim markmiðum sem þar voru sett. Tækniskólinn hefur haslað sér völl sem viðurkenndur og eftirsóttur iðn- og starfsmenntaskóli í hraðri þróun.

Þann 18. Mars 2016 voru undirritaðir tveir nýjir samningar við mennta-, og menningarmálaráðuneytið, annarsvegnar endurnýjaður þjónustusamningur skólans við ráðuneytið og hinsvegar nýr skólasamningur. Báðir samningarnir gilda til 2018.

Undirritun á endurnýjuðum þjónustusamningi TS við MMR er staðfesting á því að rekstur skólans og skólastarfið standist þær kröfum sem ráðuneytið gerir til slíkra samninga.

Samstarf við aðila atvinnulífsins hefur verið stóraukið frá því sem áður var og hefur nú þegar mikil áhrif á þróun náms og námsbrauta. Fagráð, sem er samstarfsvettvangur launþega, atvinnurekenda og skólans hefur miklu hlutverki að gegna í þróun hans. Reynslan af starfi fagráða hefur almennt verið góð og sannast að bætt tengsl milli aðila koma skólastarfinu að gagni.

Á þessum árum hefur brottfall nemenda frá námi minnkað umtalsvert, viðvera nemenda aukist og aðsókn að skólanum meiri. Kennslu og áfangamat nemendanna í skólanum er einnig mjög gott.

Helstu stefnumið Tækniskólans og sérstakt hlutverk standa óbreytt en hér verður gerð grein fyrir áherslum í stefnu Tækniskólans til næstu ára, helstu gildum hans og leiðum og settir eru fram mælipunktur.

Hlutverk

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá 2008, aðalnámskrá framhaldsskóla Tækniskólans tekur mið af lögunum frá 2008 og viðeigandi reglugerðum. Hlutverk Tækniskólans, skóla atvinnulífsins, er að stuðla að alhliða þroska nemenda, búa þá undir störf í atvinnulífinu og frekara nám í sérskólum og háskólum. Einnig er það hlutverk skólans að búa nemendur undir virka þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi og leitast við að efla með þeim gagnrýna hugsun, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi.

Sérstakt hlutverk Tækniskólans er að mennta eftirsóttá handverks-, iðnaðar-, tækni-, vélstjórnar-, skipstjórnar-, flug-, og sjávarútvegsmenn til starfa í íslensku jafnt sem alþjóðlegu umhverfi bæði til sjós og lands.

Framtíðarsýn

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins verði áfram helsti verk- og tæknimenntaskóli landsins, njóti virðingar nemenda og atvinnulífs fyrir góða menntun og verði eftirsóttur vinnustaður. Tækniskólinn verði leiðandi í framboði á framhaldsmenntun að loknu starfsnámi.



3 Gildi og stefna Tækniskólans, skóla atvinnulífsins 2011-2013

3.1 Gildi Tækniskólans:

Menntun

Við leitumst við að veita nemendum okkar fjölbætta menntun sem nýtist þeim til starfa, áframhaldandi náms og til virkrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Við endurskoðum reglulega inntak og framsetningu kennslunnar til að koma á framfæri bestu hefðum og nýjustu tækni. Við leggjum áherslu á að virkja sköpunarkraftinn og stuðlum að samþættingu ólíkra greina.

Virðing

Við mætum hverjum nemenda þar sem hann er staddur og væntum mikils af honum. Við stuðlum að og virðum jafnrétti, lýðræði og mannréttindi. Við berum virðingu fyrir samstarfsfólki okkar og nemendum og bjóðum þeim bestu mögulegar aðstæður. Við virðum gildi og hefðir faggreina og nálgumst umhverfi okkar með endurnýtingu og sjálfbærni að leiðarljósi.

Fagmennska

Við leggjum áherslu á fagmennsku á öllum sviðum, í kennslu, stoðþjónustu og samskiptum við nemendur, foreldra og atvinnulíf. Við ástundum fagleg vinnubrögð og hagsýni í stjórn skólans og ákvarðanatöku. Við byggjum fagmennsku okkar m.a. á námskrám, áætlunum, ferlum og gæðaviðmiðum.

Framsækni

Við erum fljót til nýjunga, leitum tækifæra og bjóðum nemendum nýjar lausnir. Við bregðumst við þörfum atvinnulífsins fyrir vel menntað starfsfólk og vinnum með fyrirtækjum og hagsmunaaðilum að þróun námsbrauta. Við göngum á undan í innleiðingu nýrra kennsluhátta og þróun námskráa.

3.2 Stefna í kennslu og námi

Skólinn leggur áherslu á að nemendur læri með því að leysa raunhæf og skapandi verkefni í hverri grein. Skólinn leggur áherslu á samþættingu námsgreina, þverfaglegt samstarf og að sköpun og frumkvæði einkenni nám og kennslu. Þessum markmiðum verður náð með því að þróa kennsluhætti hafa hvetjandi námsmat með skýrum væntingum til nemenda, og eftirliti með ástundun þeirra.

- Val og ábyrgð nemenda á verkefnum aukist eftir því sem þeir eru lengra komnir í námi.
- Kennslan verði skipulögð út frá því hvaða upplýsingar, tæki og leiðsögn nemendur þurfa til að geta leyst verkefni af hendi.
- Kennarar þróa rafrænar leiðir til upplýsingamiðlunar og námsmats.
- Hlutfall leiðsagnarmats á úrlausnum verkefna verði einkennandi og hlutfall lokaprófa í námsmati fari minnkandi.
- Stefnt er að minnkandi brottfalli og batnandi meðalárangri nemenda Tækniskólans, skóla atvinnulífsins.
- Ferilmappa verði hluti af námsmati á flestum brautum.

Mælipunktur:

Á næstu þremur árum:

- Afföll skráðra eininga verði undir 15%.
- Hlutfall staðinna eininga verði yfir 75% .
- Hlutfall lokaprófa í námsmati minnki um 30%.
- Notkun ferilmöppu sem hluti af námsmati aukist um 30% á ári.

3.3 Stefna í þróun námsbrauta

Námskrár allra námsbrauta verða endurskoðaðar í samræmi við lög um framhaldsskóla frá 2008. Unnið verði áfram að þróun nýrra námsbrauta á framhaldskóla- og framhaldsstigi (fjórða þrepi) í samræmi við þarfir nemenda og atvinnulífs.

- Í samræmi við ný lög verði lokið endurskoðun allra námsbrauta Tækniskólans haustið 2013.
- Á hverju ári verði a.m.k. ein ný námsbraut þróuð með hagsmunaaðilum.
- Fjölgun nemenda sem ljúka námi af 4. þrepi frá Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins.
- Byggja upp samstarf við erlenda skóla
- Fá viðurkenningu erlendra og innlendra skóla á námi skólans á fjórða þrepi.

Mælipunktur:

Á næstu þremur árum:

- Verði nýjar/endurskoðaðar námskrár a.m.k. 4 á ári.
- Nýjar námsbrautir á 4. þrepi verði a.m.k. þrjár.
- Nemendum sem ljúka námi á 4. þrepi skólans fjölgi um 20%.

3.4 Stefna um mannauð, ánægju nemenda og starfsmanna

Starfsmenn og nemendur búi við góðar aðstæður, séu ánægðir með vinnuumhverfi sitt og líði vel í Tækniskólanum skóla atvinnulífsins. Skólinn mæli reglulega líðan og ánægju nemenda og starfsmanna og setji niðurstöðurnar í ferli til úrbóta þar sem við á.

- Kennslu- og áfangamat verði á hverri önn og þróist til að gefa betri mynd af stöðu kennslu og áfanga.
- Aðlögun kennslurýmis miðað við breytilegar áherslur verði unnið í samvinnu við starfsmenn.
- Skólinn stuðli að endurmenntun starfsmanna sinna með námskeiðum, fræðslufundum, fyrirlestrum og kynningarferðum.
- Skólinn leggi áherslu á félagslíf nemenda og styður skólafélögin og nemendasambandið.

Mælipunktur:

Á næstu þremur árum:

- Annað hvert ár verði gerð ein viðhorfskönnun meðal nemenda og ein meðal starfsmanna.
- Einkunn kennslumats verði ekki undir 4.0.
- Einkunn áfangamats verði ekki undir 4.0.

3.5 Stefna um rekstur, skipulag og húsnæði

Nýta vel þá fjármuni sem skólinn hefur til umráða og kostnaði haldið í lágmarki. Það er m.a. gert með góðu skipulagi í mannauðsstjórnun, aðhaldi og skipulagi á innkaupum og nýtingu efnis og einnig með góðri nýtingu í námshópum. Yfirstjórn skólans vinni náið með eigendum að þróun hans í aðbúnaði og framtíðarhúsnæði.

- Halda nýtingu í námshópum eins góðri og mögulegt er hverju sinni.
- Stefnt er að því að tekjur aðrar en opinber framlög og nemendagjöld aukist sem hlutfall heildartekna.
- Unnið skal markvisst að endurnýjun tækja og búnaðar.
- Allur skólinn starfi eftir vottuðu gæðakerfi samkvæmt ISO9001

Mælipunktur:

- Tekjur aðrar en opinber framlög og nemendagjöld verði allt að 20% af heildartekjum á þremur árum.
- Meðalnýting í námshópum verði yfir 90% á hverju skólaári.
- Hlutfall launakostnaðar af heildartekjum sé ætíð undir 80%
- Gæðakerfi samkvæmt ISO9001 staðli verði komið á skólann í heild og vottað ekki síðar en 2014.

4 Skipulag og sérstaða

Tækniskólinn ehf. var stofnaður vorið 2008 með samruna Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands og er rekinn sem einkahlutafélag. Samkvæmt samþykktum skólans, sem eru í anda sjálfseignarstofnunar, er eigendum ekki heilmilt að taka út fjárhagslegan arð en arður eigenda felst í betur menntuðu fólki til atvinnulífsins. Rekstur skólans miðast við að skólinn sé sjálfbær.

Sérstaða Tækniskólans, skóla atvinnulífsins felst í nánnum tengslum hans við atvinnulífið í gegnum eignarhaldsfélag hans og sérstök fagráð sem tengjast námsbrautum skólans. Í fagráðum sitja fulltrúar atvinnurekenda, launþega og fagkennara í hverri grein. Flestar námsbrautir Tækniskólans veita markvissan undirbúning til ákveðinna starfa jafnframt því sem þær opna leiðir til áframhaldandi náms. Skipstjórnarskólinn og Véltækniskólinn starfa eftir vottuðu gæðakerfi ISO 9110:2000 og Tækniskólinn stefnir að vottun allrar kennslu við skólann og er gert ráð fyrir að heildarvottun verði á árinu 2014.

Tækniskólinn hefur sameiginlega yfirstjórn, rekstrarráð, en önnur stjórnun skiptist milli fjölda undirskóla sem hafa faglegt sjálfstæði. Skólarnir eru: Byggingatækniskólinn, Endurmenntunarskólinn, Fjölmenningskólinn, Flugskóli Íslands, Hársnyrtiskólinn, Hönnunar- og handverksskólinn, Margmiðlunarskólinn, Raftækniskólinn, Skipstjórnarskólinn, Tæknimenntaskólinn, Tækniakademían, Upplýsingatækniskólinn og Véltækniskólinn. Tveir skólameistarar stýra Tækniskólanum.

Námsbrautir eru samtals 50 og í boði eru að jafnaði um 800 áfangar á önn. Nemendur eru um 1860 í dagskóla og 300 í dreifnámi auk nemenda sem sækja einstök námskeið við Endurmenntunarskólann.

Starfsmenn eru um 200. Skipurit skólans, starfslýsingar og upplýsingar um undirskóla Tækniskólans og áfanga er að finna í Námsvísi skólans sem og á heimasíðu hans.

Skólinn er áfangaskóli og skólaárinu skipt upp í tvær annir, vorönn og haustönn. Aðalbyggingar skólans á Háteigsvegi og Skólavörðuholti. Byggingartækniskólinn hefur auk þess aðstöðu á Skeljanesi við Skerjafjörð, Flugskóli Íslands er við Bæjarflöt í Grafarvogi og á Reykjavíkurflogvelli, hljóðtækni hefur verið kennd í húsnæði Sýrlands ehf. við Vatnagarða.

Tækniskólinn gefur út skólanámskrá í samræmi við 22. og 23. grein laga um framhaldsskóla og almennan hluta aðalnámskrár. Námsvísirinn er birtur á heimasíðu skólans.



5 Stjórn skólans og stjórnendur

5.1 Eigendur og stjórn

Tækniskólinn er einkarekinn skóli og er rekstrarfélagið í eigu eftirtalinna aðila: Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka iðnaðarins, Samorku, Samtaka íslenskra kaupskipaútgerða og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík.

Stjórn:

Bolli Árnason	SI	stjórnarformaður
Kolbeinn Árnason	LÍÚ	varaformaður
Aðalheiður Héðinsdóttir	SI/Kaffitár	meðstjórnandi
Gústaf Adolf Skúlason	Samorka	meðstjórnandi
Gylfi Einarsson	Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík	meðstjórnandi
Karen Kjartansdóttir	LÍÚ	meðstjórnandi
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir	SI/LÍÚ	meðstjórnandi

Varamenn í stjórn:


Garðar Jóhannsson	SÍK
Guðmundur Ragnarsson	VM
Hallgrímur Gunnar Magnússon	Samiðn
Katrín Dóra Þorsteinsdóttir	SI
Kristján Vilhelmsson	Samherji
Magnús Þór Ásmundsson	SI/Alcoa Fjarðaál
Ylfa E. Jakobsdóttir	SI/Marel

5.2 Stjórnendur og skipurit

Skólameistarar Tækniskólans eru Baldur Gíslason og Jón B. Stefánsson.

Aðstoðarstjórnendur eru Björg Jónsdóttir rekstrar- og fjármálastjóri, Guðmundur Páll Ásgeirsson námsstjóri og Halldór Hauksson áfangastjóri. Þessir stjórnendur mynda rekstrarráð skólans, sem heldur vikulega fundi.

Aðrir stjórnendur eru Gunnar Kjartansson gæðastjóri, Gunnar Sigurðsson umsjónarmaður fasteigna, Tryggvi Jóhannsson deildarstjóri upplýsingatæknideildar, Ingibjörg Rögnvaldsdóttir forstöðumaður bókasafns- og upplýsingamiðstöðvar og ellefu skólastjórar.



6 Skólar Tækniskólans

Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins er skipt upp í fjölda faggreinaskóla. Yfir hverjum skóla er skólastjóri. Skólastjórar einstakra skóla Tækniskólans annast faglega ábyrgð og stjórnun á námi við Tækniskólann og nær sú ábyrgð yfir skipulag kennslu og námsefnis, ráðningar kennara og ráðgjöf nemenda varðandi áfangaval. Skólastjórar ráða fagstjóra, verkefnisstjóra eftir eðli og umfangi skólans. Skólastjórar taka virkan þátt í daglegri stjórnun Tækniskólans og sitja vikulega fundi með rekstrarráði Tækniskólans.

6.1 Byggingatækniskólinn

Byggingatækniskólinn menntar iðnaðarmenn til starfa í byggingaiðnaði og einnig tækniteknara sem starfa á teiknistofum. Í Byggingatækniskólanum eru fimm verknámsbrautir auk náms í tækniteiknun.

Nám á verknámsbrautum hefst á sameiginlegu einnar annar grunnnámi. Eftir það skiptist námið í: Húsasmíði, húsgagnasmíði, málaraíð, múrsmíði og veggfóðrun. Nám í þessum greinum tekur að jafnaði fjögur ár með starfsþjálfun.

Tækniteiknunar vinna sérhæfð teiknistörf og annast frágang og faglega umsjón með teikningum og tilheyrandi gögnum. Tækniteiknun er 109 eininga nám og tekur að meðaltali 6 annir í skóla. Ný skólanámskrá í tækniteiknun hefur verið vinnslu og er þeirri vinnu að ljúka. Vonast er til að hægt verði að innrita nemendur samkvæmt nýrri námskrá fljótlega.

Mikil undirbúningsvinna hefur átt sér stað undanfarið vegna innleiðingu á nýrri skólanámskrá skólans í byggingagreinum upp á síðkastið. Einnig hefur farið fram mikil þarfagreining á húsnæði Byggingatækniskólans með tillit til gerð þessara skólanámskrá þar sem að skólanámskráin kallar á breytingu á húsnæði.

Hafist hefur verið handa við að breyta húsnæði í samræmi við nýja skólanámskrá og eru áætluð verklok í ágúst 2014. Fyrstu nemendur í grunndeild byggingagreina hafa verið innritaðir á nýja braut í samræmi við þessa nýju námskrá og munu hefja nám í samræmi við námskrána haustið 2014.

Skólastjóri: Guðmundur Hreinsson



6.2 Endurmenntunarskólinn

Endurmenntunarskólinn hefur það hlutverk að efla og auka framboð í endur- og símenntun með þarfir atvinnulífsins að leiðarljósi. Hjá Endurmenntunarskólanum er haldinn fjöldi námskeiða á hverju ári, jafnt starfstengd réttindanámskeið sem og tómstundanámskeið opin öllum.

Árið 2012 voru 135 námskeið kennd við Endurmenntunarskólann með 1.520 þátttakendum. Ný námskeið voru t.a.m. framhaldsnámskeið í iPhone/iPad og app fyrir Android, forritun í html og C#, jQuery, rendering, saumanámskeið fyrir byrjendur, andlit/portrett, harðangur og klaustur, teikning, tiskuteikning, dreipering - grunnar og skrautskrift. Einnig var námskeið um Þjóðgarðinn Snæfellsjökul.

Mörg námskeið Endurmenntunarskólans eru sívinsæl og hafa verið haldin um árabil, sum hver mörgum sinnum á hverri önn. Má þar nefna vélgæslunámskeið, smáskipa- og skemmtibátanámskeið, silfursmíði, málsuðu, trésmíði fyrir konur og gítarsmíði.

Skólastjóri: Áslaug Maack Pétursdóttir.

6.3 Tækniakademían

Undir Tækniakademíuna heyra námsbrautir sem flokkast sem viðbótarnám á framhaldsskólastigi. Einingar sem eru teknar á viðbótarstigi má meta sem einingar á háskólastigi. Undir Tækniakademíu heyrir Meistaraskólinn, Margmiðlunarskólinn, nám í lýsingarfræði sem og útvegsrekstrarfræði, flugrekstrarfræði og almennt nám í rekstri og stjórnun. Á árinu var ákveðið að hætta með síðasttöldu námsbrautina, þ.e. nám í rekstri og stjórnun.

Námskrá sem hefur staðið til að vinna fyrir Meistaraskólann fór í fulla vinnslu á haustmánuðum 2012. Óskar Örn Jónsson forstöðumaður Mannvirkjasviðs hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og kennari við Meistaraskólann var fenginn til verksins. Engar breytingar eru á kennaraliði Meistaraskólans.

Nám í lýsingarfræði fór ekki af stað haustið 2012 sökum dræmrar aðsóknar.

Um haustið var Margmiðlunarskólinn settur undir stjórn Áslaugar Maack Pétursdóttur. Margmiðlunarskólinn er tveggja ára verkefnabundið nám, kennt í dagskóla. Kennarar eru fimm og svo er sérfræðikennsla keypt frá verktaka úr atvinnulífinu.

Skólastjóri: Áslaug Maack Pétursdóttir

6.4 Fjölmenningskólinn

Í Fjölmenningskólanum eru þrjár námsbrautir, starfsbraut sérnám (einhverfubraut), starfsnámsbraut (sérnámsbraut), nýbúabraut og auk þess er samvinnuverkefni við Janus endurhæfingu ehf.

Starfsbraut sérnám. Á brautinni eru 8 mjög þjónustupungir þroskaheftir og einhverfir nemendur í einstaklingsmiðuðu fjögurra ára námi. Á vorönn 2013 er var undirritaður þjónustusamningur við Mennta- og menningarráðuneytið um verkefnið og er það því orðið hluti af námsframboði skólans. Á árinu 2013 hafa verið starfandi 8 kennarar og þroskaþjálfar við þetta verkefni, auk 6 stuðningsfulltrúa.

Starfsnámsbraut býður upp á fjögurra ára nám fyrir nemendur sem stundað hafa nám í sérdeildum grunnskólanna eða notið mikillar sérkennslu á grunnskólastigi. Í boði er starfsnám í fataiðn SNF eða starfsnám í málmíðnaði SNM. Rúmlega þrjátíu nemendur stunduðu nám á starfsnámsbrautinni 2013. Skólanámskrá fyrir starfsnámsbraut hefur verið í smíðum undanfarnar annir og verða drög að námskránni sendi Mennta- og menningarmálaráðuneytinu 1. mars 2013. Vonast er til að hægt verði að hefja kennslu haustið 2013 í samræmi við nýja skólanámskrá brautarinnar.


Nýbúabraut. Í skólanum er öflugt tveggja ára nám fyrir nýbúa þar sem áhersla er á íslenskukennslu, en auk þess boðið upp á kennslu í ensku, tölvugreinum og stærðfræði. Nýbúabrautin er ætluð nemendum sem eru nýfluttir til landsins, vilja læra íslensku og auk þess laga þekkingu sína í ensku, stærðfræði og tölvugreinum að kröfum íslenskra framhaldsskóla. Á vorönn 2013 stunduðu 120 nemendur af 38 þjóðernum nám á nýbúabrautinni og á haustönn 2013 voru þeir 134 af 39 þjóðernum.

Janus endurhæfing ehf. er endurhæfingarúrræði í skólanum fyrir einstaklinga sem vegna heilsubreysts eru eða hafa þurft að hverfa frá vinnumarkaðnum eða úr námi og vilja komast út í atvinnulífið. Brautin er tengd Fjölmenningskólanum varðandi kennslu og ýmsa þjónustu en starfar að öðru leyti sjálfstætt. Rúmlega 30 skjólstæðinga Janusar stunda nám á ýmsum brautum Tækniskólans.



Við Fjölmenningskólann starfa 4 kennarar í fullu starfi, við íslenskukennslu fyrir nýbúa og á starfsbraut sérnámi, og 26 kennarar í hlutastarfi allt frá 2 kennslustundum á viku til tæplega fullrar stöðu. Stundakennararnir kenna ýmsar bóklegar og verklegar greinar, flestir á starfsnámsbrautinni. 7 þroskaþjálfar starfa við skólann, auk 6 stuðningsfulltrúa.

Skólastjóri: Fjölur Ásbjörnsson



6.5 Flugskóli Íslands

Flugskóli Íslands ehf. er viðurkenndur skóli sem hlotið hefur vottun Samgöngustofu (áður Flugmálastjórn Íslands), samkvæmt samevrópskum reglum EASA – Evrópsku flugöryggisstofnunarinnar, til allrar kennslu og símenntunar flugmanna, frá grunni til atvinnuflugmannsréttinda, ásamt áritunum þeirra. Skólinn hefur einnig hlotið vottun til grunnþjálfunar flugumferðastjóra, ásamt áritunum þeirra og vottun til grunnþjálfunar flugfreyju og flugþjóna. Skólinn hefur um langt árabíl haft þjónustusamninga í þjálfunarmálum flugmanna og flugfreyja/þjóna við stærstu flugrekendur landsins, en fyrirtækin hafa verið helstu bakhjarlar skólans frá stofnun. Frá þeim koma margir kennarar, sem kenna bæði bóklega og verklega kennslu við skólann í hlutastörfum. Skólinn hefur einnig innleitt, með þjónustusamningi við breskan flugvirkjaskóla – LRTT Resource, þjálfun til réttindanáms flugvirkja frá grunni. Námið er unnið í náinni samvinnu við stærstu viðhaldsaðila loftfara á Íslandi og stéttarfélags flugvirkja.

Bókleg aðstaða og skrifstofa Flugskóla Íslands er að Bæjarflöt 1-3, en þar er einnig hýstur flugaðferðarþjálfari skólans ásamt öðrum þjálfunartækjum flugrekenda. Alls störfuðu um 84 launþegar við skólann, flestir sem verktakar í hlutastörfum. Í bóklegu atvinnuflugmannsnámi á vormánuði voru 26 nemendur sem luku námi og á haustmánuði voru 29 bóklegir atvinnuflugmannsnemendur nemendur innritaðir. 60 einstaklingar voru skráðir í bóklegt einkaflugmannsnám á árinu, auk fjölda nemenda við önnur námskeið sem skólinn bauð upp á. 7 nemendur í grunnnámi flugumferðarstjóra luku námi, 142 nemandi lauk grunnnámi til réttindanáms flugfreyju og flugþjóna á vegum Icelandair og WOWair og 75 nemendur í þremur bekkjum voru í námi til flugvirkjunar á árinu. Mikil aukning varð á þessum þætti á árinu endurspeglar það þarfir flugrekenda á starfsfólki. Þá eru ótaldir fjöldi aðila í námi á vegum flugfélaganna, en þeir sem skiptu hundruðum.

Verkleg flugkennslan fer fram á Reykjavíkflugvelli, þar sem er aðstaða er fyrir bæði fyrir kennara og nemendur til undirbúnings flugs og verklegrar kennslu. Flugvélarfloti skólans er samansettur af 2 Piper Seminole og 10 einshreyfils flugvélar af Cessnu gerð. Flugskóli Íslands endurnýjaði flugaðferðarþjálfara sinn á árinu 2012, þegar tekin var ákvörðun um að uppfæra 9 ára gamlan eldri hermi. Leitað var til ALSIM flugaðferðarþjálfaraframleiðanda um nýja tegund, sem lagði til að fjárfesta í ALSIM ALX21 flugaðferðarþjálfara, enda var sá útbúinn enn fullkomnari búnaði og sýndarveruleika (visual) en fyrri þjálfari. Í september 2013, fékk Flugskóli Íslands EASA vottun á flugaðferðarþjálfara, eftir að Samgöngustofa (áður Flugmálastjórn Íslands) sagði sig frá að votta slík tæki og vísaði því til EASA sem tilheyrandi yfirvaldi. Var þar skortur á gæðakerfi og vottunaraðilum um að kenna. Vottun var fengin á 2 af 5 flugvélategundum sem fylgir tækinu, ásamt gæða- og eftirlitakerfi flugaðferðarþjálfara. 2 fulltrúar frá EASA komu í 4 daga við úttekt á flugaðferðarþjálfara og þarf Flugskóli Íslands að bera uppi töluverðan kostnað vegna þess á hverju ári.

Fækkun verklegra nemenda í umbreytingu skírteina varð á árinu 2013, en um 12 nemendur komu til að klára slíkt nám. 25 verklegir einkaflugnemar og 14 verklegir atvinnuflugnemar voru útskrifaðir. Nýlunda varð í útgáfu á einliðaflugsvottunar (sóloskírteini) vegna reglugerðabreytinga í apríl, þar sem slík vottun útgefin af Samgöngustofu féll niður á árinu. Vottanir eru því nú gefnar út af skólanum, til nemenda hans. 19 slíkar vottanir voru gefnar út. 8 aðilar stunduðu tegundaráritananám til að geta öðlast vinnu hjá smærri flugrekendum. 16 aðilar kláruðu fjölhreyflaflugs





áritun, 22 aðilar kláruðu nám í áhafnasamstarfi og 16 aðilar kláruðu nám til flugkennaraáritunar á árinu. Flugtímar ársins voru færri á árinu en á fyrra ári, þar sem veðurfarsþættir spiluðu stóran þátt inn árinu. Árið 2013 var óvenjulega rigningasamt miðað við fyrri ár.

Árið 2012 tókst stjórnendum Flugskóla Íslands og Tækniskólans, fyrstur allra flugskóla að fá verklegt atvinnuflugmannsnám lánshæft samkvæmt reglum Lánasjóðs Íslenskra Námsmanna. Má segja að við það hafi orðið straumhvörf í fjármögnun náms og viðurkenningu á að atvinnuflugmannsnám stæði jafnfætis öðru námi á Íslandi varðandi fjármögnun nemenda á því, en ennþá stendur þó nám til atvinnuflugs utan íslenska menntakerfisins hvað varðar fjárveitingar til skólastarfsemi. Nýttist þessi stuðningur LÍN nemendum sem útskrifuðust bæði 2012 og 2013 við fjármögnun hluta verklegs flugnáms. Nám samvinna við Lánasjóð íslenskra námsmanna var við útfærslu, en Tækniskólinn og Flugskólinn munu halda áfram að vinna með þeim með hag nemenda að leiðarljósi, þar sem mikilvægt er að flugnám njóti jafnræðis við annað nám á Íslandi hvað varðar fjárveitingar hins opinbera til annars náms. Námsframboð Flugskóla Ísland styrkir eina af meginstoðum íslensks samfélags; flugsamgöngur, ásamt ferðaþjónustu og gjaldeyrissöfnun landsins, enda eru flugsamgöngur Íslendinga einn mikilvægasti hlekkurinn í efnahag þjóðarinnar. Hér er mikilvægt að æðstu menn íslenskra menntamála hverju sinni, styrki undirstöðu námsframboðs á þessu sviði, enda veitir flugiðnaðurinn nokkur þúsund manns atvinnu á Íslandi, hvort heldur beint við flugiðnaðinn eða við ferðaþjónustu og aðra þjónustu við ferðamenn. Það er því orðið þjóðhagslega hagkvæmt að styðja við bakið á þessum námsgreinum og koma þeim inn í íslenska menntakerfið, þar sem hver króna eydd mun skila sér tilbaka margfalt í íslenska efnahagskerfið.

Þess ber að gæta að skólinn er rekinn fjárhagslega á sinni eigin kennitölu, með eigin efnahagsreikning og þar með aðskilinn fjármálum Tækniskólans að öllu leiti. Flugskóli Íslands fékk því framgengt á árinu 2013, að Innanríkisráðuneytið styrkti á ný bóknám til atvinnuflugkennslu, eins og áður hafði verið. Þess ber að gæta að skólinn missti þennan styrk árið 2009, sem áður var veitt af Samgönguráðuneytinu, þegar viðræður hófust við Menntamálaráðuneytið um að koma flugtengdu námi inn á starfssvið þeirra. Viðræðurnar báru engan árangur og var því formlega hafnað á árinu af Menntamálaráðuneytinu. Nýtur því skólinn ekki neins fjárhagslegs ríkisstuðnings sem myndi teljast eðlilegur í skólarekstri, ef horft er til þeirra framlaga sem hann leggur til annara skóla í formi húsnæðis og aðstöðu.

Það er því von stjórnenda að enn verði skoðað hvort að hið íslenska menntakerfi opni ekki arma sína til að stuðla að jafnmikilvægum atvinnugreinum, sem flugiðnaður er, fái þá umhönnun sem henni ber.

Skólastjóri: Baldvin Birgisson

6.6 Hársnyrtiskólinn


Hársnyrtiskólinn menntar hársnyrta. Nám í hársnyrtið er fjölbreytt og starfssviðið margþætt. Grunnnámið á fyrstu tveimur önnunum veitir nemendum almenna þekkingu og innsýn í grundvallaratriði fagsins en síðan eru gerðar auknar kröfur til sjálfstæðis nemenda og sköpunarvinnu. Námið er skipulagt með það í huga að efla fjölhæfni nemenda þegar út í atvinnulífið er komið og auðvelda þeim að aðlagast tiskusveiflum markaðarins jafnframt því að auka möguleika á samvinnu við tengdar starfsstéttir.

Meðalnámstími er fjögur ár og fer fram að hluta í skóla og að hluta í samningsbundnu vinnustaðanámi.

Hársnyrtiskólinn hefur verið öflugur við að styrkja tengsl við atvinnulíf og fyrirtæki. Mikið er um að gestakennarar komi inn í kennslustundir og einnig fara nemendahópar í heimsóknir í fyrirtæki sem höndla með hárvörur.

Árið 2013 dalaði aðsókn í skólann aðeins sem að öllum líkindum tengist erfiðleikum nema við að komast á samning og þeirri staðreynd að opnaðar hafa verið hársnyrtideildir víða um land og önnur bætt við þær sem fyrir voru. Þetta er áhyggjuefni þó að við vonum að um tímabundið vandamál sé að ræða varðandi starfsþjálfunina í það minnsta.

Unnið hefur verið að því að finna lausnir og hefur Hársnyrtiskólinn verið í forsvari fyrir nýja hugmynd um breytta uppbyggingu námsins og undirbúning námskrárrskrifa í framhaldi að því. Að baki okkur í þessari vinnu standa allir framhaldsskólar landsins sem bjóða upp á hársnyrtibrautir. Beiðni um leyfi til þessara breytinga liggur hjá ráðuneytinu til afgreiðslu. Helstu breytingar yrðu þær að námstími stýttist úr fjórum árum í 3 ár, nemendur taka fyrst grunndeild



sem lýkur á 2. þrepi en hún væri í boði hjá öllum skólunum. Síðan tæki við framhald sem væri verkefnabundið. Nemendur hefðu um tvær leiðir að velja í gegn um það. Annars vegar skólaleið (124 ein) þar sem skólinn bæri ábyrgð á vinnustaðanáminu og gerði samning við ákveðnar stofur til að þjálfa nemendur og myndi vinnustaðanámið fléttast með náminu í skólanum. Hins vegar meistaraleið (90 ein) þar sem meistari ber ábyrgð á nemandanum og myndi þá stytta námið í skólanum en lengri tími væri hjá meistara. Báðar leiðir enda á sveinsprófi.

Samvinna okkar og hinna Norðurlandanna í Leonardo verkefni sem felst í mótun og gerð námsefnis til að innleiða umhverfisvitund og efla/viðhalda heilsu hársnyrtifólks, hefur verið fullum gangi. Verkefninu lýkur haustið 2014 en þá hittist hópurinn í Tækniskólanum. Vonast er til að úr þessu verði jafnvel samræmd „græn“ hársnyrtibraut sem hægt er að bjóða fólki upp á sem kýs að vinna með heilsusamlegri vörur. Verkefnið er spennandi og jákvætt fyrir skólann að vera þátttakandi í. Við stefnum að því að gera skólann okkar eins grænan og hægt er og munum innleiða í námið það sem gerlegt er úr niðurstöðum verkefnisins.

„Gulleggið“ vakti að venju mikla athygli en það er liður í þjónustufræðihluta námsins. Þar láta nemendur til sín taka á sviði góðgerðarmála, finna félagasamtök eða stofnanir þar sem skjólstæðingarnir eru minna megandi í samfélaginu og bjóða fram aðstoð sína við að klippa, greiða og ýmislegt annað til að lífga upp á tilveru einstaklinganna. Þetta verkefni hefur tekist vel til og gefur nemendum mikið að fá tækifæri til að láta gott af sér leiða. Oft koma fram blaðagreinar og/eða sjónvarpsefni varðandi þessar heimsóknir nemendanna.

Nemandi frá okkur keppti á World Skills sem er heimsmeistaramót ungra iðnnema og fór fram í Leipzig haustið 2013. Við erum að vonum stolt af henni Lenu Magnúsdóttur sem stóð sig með eindæmum vel og var skólanum til mikils sóma. Nær allir kennarar Hársnyrtiskólans flyktu liði til Leipzig til að styðja stelpuna.

Nýtt anddyri leit dagsins ljós fyrir framan hársnyrtiganginn. Ekki varð útkoman alveg sú sem vonast var eftir þar sem ekki mátti fjarlægja brunavarnardyr fyrir innan sem orsakar tvöfaldan inngang. Þó er útkoman til bóta á margan hátt, lítur vel út og gefur aukið næði. Enn er beðið eftir nýjum dúk á gang og bættri vinnuáðstöðu á gangi fyrir nemendur. Margt annað þarf að fara að gera enda eru klippistólar margir hverjir orðnir slakir eða ónýtir, einnig vaskastólar á gangi og dúkar á kennslustofum. Mikið lekur inn um glugga kennslustofa og eyðileggur það út frá sér auk þess sem loft og lykt versnar. Heldur minna lekur úr krönum vaskanna og veldur erfiðleikum við skolun viðskiptavina/verkefna. Vatnsmál eru í algerum ólestri. Loftræstikerfið hefur verið að stríða okkur þar sem það virðist oft detta út, virka illa, hita eða kæla sumar stofur um of og á það til að snýta úr sér uppsöfnuðum óhreinindum þannig að „snjór“ fellur í stofum. Er það mat manna að það sé úrelt og óþarflega flókið. Kennarar hafa sýnt mikið langlundargeð varðandi þessi atriði enda hefur vilji verið til að sýna fjárhagslegt aðhald en nú er svo komið að eitthvað þarf að gera. Þó er mikil ánægja með bætt rými kennara og litablöndunaraðstöðu sem var komið á laggirnar 2011.

Skólastjóri: Ragnheiður Bjarnadóttir



6.7 Hönnunar- og handverksskólinn

Nám í Hönnunar- og handverksskólanum undirbýr nemendur fyrir störf í faggreinum eða fyrir háskólanám á sviði hönnunar, arkitektúrs, handverks og/eða lista. Í Hönnunar- og handverksskólanum eru þrjár námsbrautir:

Fataiðnbraut (fatatæknir, kjólasaumur og klæðskurður)

Fatatæknir er tveggja ára nám og er grunnur að áframhaldandi námi í kjólasaumi og klæðskurði. Nemendur nýta sér einnig möguleikann á að taka fatatækninn sem starfsnám til að ljúka stúdentsprófi. Kjólasaumur og klæðskurður er þriggja ára viðbótarnám við fatatækninn og að því námi loknu geta nemendur skráð sig í sveinspróf í iðninni.


Gull- og silfursmíðabraut

er fjögurra ára nám og að því loknu geta nemendur skráð sig í sveinspróf í iðninni. Námið er jafnframt góður undirbúningur fyrir háskólanám í hönnunargreinum.

Hönnunarbraut

Boðið er upp á nám með kjörsviðunum almenn hönnun og keramikhönnun. Nám á hönnunarbraut undirbýr nemendur fyrir áframhaldandi nám á háskólastigi. Námstími er að jafnaði 6 annir. Margir nemendur sækja um nám á hönnunarbraut eftir að hafa lokið stúdentsprófi frá öðrum framhaldsskólum. Þeim nemendum býðst að taka hraðferð á hönnunarbraut og ljúka þá námi á þremur önnum. Stefnumótunarvinna brautarinnar er langt komin og verið að skrifa nýja námskrá í samstarfið við lðnskólann í Hafnarfirði. Áætlað er að þeirri vinnunni ljúki á haustönn 2014 og endurskoðaðri námsbraut verði hrint úr vör vorönn 2015.

Skólastjóri: Sigríður Ágústsdóttir



6.8 Raftækniskólinn

Í Raftækniskólanum er veitt menntun í fimm iðngreinum: kvikmyndasýningarstjórnun, rafvirkjun, rafvélavirkjun, rafveituvirkjun og rafeindavirkjun. Grunnám rafiðna er 80 einingar og tekur að jafnaði 4 annir í skóla. Nemendur sem klára grunnám rafiðna geta öðlast réttindi í kvikmyndasýningarstjórnun að lokinni tólf vikna starfsþjálfun. Nemendur sem innritast í sérnám til sveinsprófs í rafeindavirkjun, rafveituvirkjun, rafvélavirkjun og rafvirkjun þurfa að hafa lokið grunnnámi rafiðna. Nám til sveinsprófs í rafiðngreinum tekur að jafnaði 4 ár með grunnnámi rafiðna og starfsþjálfun í sex til tólf mánuði eftir brautum.

Í Raftækniskólanum er einnig kennd hljóðtækni í samvinnu við Stúdíó Sýrland. Hljóðtækni er sextíu eininga nám, kennt vor, sumar og haust og geta nemendur þannig klárað námið á einu ári. Nemendur sem sækja um hljóðtækni þurfa að hafa lokið 60 einingum í framhaldsskóla og hafa reynslu eða menntun á sviði tónlistar.

Raftækniskólinn býður upp á hraðferð í grunnnámi rafiðna. Sú braut er ætluð nemendum sem lokið hafa stúdentsprófi á náttúrufræðibraut eða sambærilegt nám og tekur tvær annir í stað fjögurra.

Raftækniskólinn hefur jafnframt boðið upp á nám fyrir rafvirkja sem vilja klára rafveituvirkjun eða rafvélavirkjun. Það nám er í formi dreifnáms (fjarnáms) og er um að ræða 8 – 10 einingar ofan á rafvirkjanámið.

Mikil skörun er milli starfa í rafveituvirkjun, rafvélavirkjun og rafvirkjun og námið því að stórum hluta sameiginlegt. Sérhæfing hvorrar greinar á sér aðeins stað á lokaönn námsins sem og í starfsþjálfun á vinnustað.

Árið 2013 var haldið áfram að þróa kennsluhætti í áttina að verkefnastýrðu námi og áherslan lögð á að undirbúa fyrir grunnám rafiðna til að geta byrjað kennslu með nýjum áfangaheitum og áherslum skólanámskrár strax vorið 2014. Unnið var í að fá stimpilklukku tengda við Innu til að nemendur í framhaldsnámi gætu stimplað sig inn og einfaldað þannig eftirlit með viðveru nemenda. Þetta er nauðsynlegt skref því nemendur vinna mikið í sal Raftækniskólans utan kennslu og hafa þar aðgang til kl. 23.00 á kvöldin og um helgar. Tvær stofur í suðurálmú skólans á 5. hæð voru lagðar niður og allur búnaður fluttur í sal Raftækniskólans. Jafnframt var keyptur fullkominn búnaður til kennslu í fjarskiptatækni. Þar voru loftnetskerfi, boðskiptakerfi og móttaka fyrir gervihnetti um ljósleiðara og dreifikerfi. Jafnframt voru gervihnattadiskar endurnýjaðir. Félag rafeindavirkja gaf Raftækniskólanum kennslubúnað í loftstýringum til nota við kennslu í rafeindavirkjun. Um er að ræða kennslubúnað frá Festo sem er mjög öflugur og hentar við kennslu í rafeindastýritækni en nýttist einnig í stýritækni sterkstraum. Securitas gaf skólanum tvær

heimavarnarstöðvar til kennslu við öryggiskerfi. Þann 15. mars 2013 var haldin kynning á Raftækniskólanum. Boðaðir voru fulltrúar bæði verknámsskóla og atvinnulífsins en einnig Menntamálaráðuneytinu. Var gerður góður rómur að því þróunarstarfi sem þar hefur farið fram. Í lok vorannar voru starfsmenn Raftækniskólans sem stóðu að þróun framhaldsgreina í verkefnastýrt nám verðlaunaðir af yfirstjórn skólans og voru jafnframt lagðar til fimm Surface spjaldtölvur til afnota í kennslu og til þróunar kennsluhátta í Raftækniskólanum.

Skólastjóri: Valdemar G. Valdemarsson



6.9 Skipstjórnarskólinn

Skipstjórnarskólinn annast kennslu í greinum skipstjórnar til alþjóðlegra réttinda, allt frá skemmtibátum til farskipa að ótakmarkaðri stærð og farsviði. Nám til E. stigs varðskipadeildar er boðið reglulega í samvinnu við Landhelgisgæsluna. Auk þess annast skólinn kennslu allra réttindatengdra námskeiða fyrir skipstjórnarmenn. Nemendur fá stigvaxandi atvinnuréttindi með auknum loknum einingum, frá réttindum á báta að 24m, eftir tvær annir, til réttinda á skip að ótakmarkaðri stærð og farsviði eftir 8 annir. Nemendur frá Skipstjórnarskólanum starfa sem skipstjórnarmenn, stýrimenn og skipstjórar, á öllum gerðum skipa, hérlandis sem og erlendis, mismunandi eftir námi og réttindum.

Á árinu 2012 gerði Siglingaöryggisstofnun Evrópu, EMSA, úttekt á skólanum, kennslu, kennsluháttum og efni. Í niðurstöðum þeirrar skýrslu voru aðeins smávægilegar athugasemdir sem brugðist hefur verið við. Á vorönn 2012 voru útskrifaðir 38 nemendur, 1 af A stigi, 2 af C stigi, 14 af D stigi og 21 af E stigi.

Skólastjóri: Vilbergur Magni Óskarsson.



6.10 Tæknimenntaskólinn

Hlutverk Tæknimenntaskólans sem einingar innan Tækniskólans er að veita nemendum traustan grunn í bóklegum greinum sem eru nauðsynlegur hluti og undirstaða alls annars náms við Tækniskólann.

Ennfremur er það hlutverk Tæknimenntaskólans að gera nemendum allra annarra undirskóla Tækniskólans kleift að útskrifast með stúdentspróf frá Tækniskólanum.

Stúdentar frá Tækniskólanum hafa það fram yfir stúdenta af hefðbundnum stúdentsbrautum framhaldsskóla að þeir hafa aflað sér tvíþættrar menntunar þegar þeir útskrifast. Nám til stúdentsprófs er þannig byggt ofan á það sérsvið eða þá braut sem nemendur velja sér, svo sem almenna hönnun, tölvubraut, húsgagnasmíðabraut svo eitthvað sé nefnt.



Einnig geta nemendur útskrifast sem stúdentar af náttúrufræðibraut með sérhæfingu í flugtækni, raftækni, skipstækni, véltækni eða tölvutækni.

Stúdentum frá Tæknimenntaskólanum hefur fjölgað mikið, árið 2010 luku 43 stúdentsprófinu frá skólanum, 2011 voru þeir 50, 2012 voru þeir 76 og 2013 voru þeir 59,

Stefna Tæknimenntaskólans er að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir og efla sjálfstæði þeirra og frumkvæði í anda þess hlutverks framhaldsskóla að stuðla að alhliða þroska nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi.


Ný námskrá Tæknimenntaskólans var verðugt verkefni kennara og starfsmanna Tæknimenntaskólans sem og annarra undirskóla árið 2013. Bæði var gamla námskrá kennd út, og sú nýja kennd nýjum nemendum skólans. Nýja námskráin er framfaraskref fyrir Tækniskólann allan. Með henni geta einstakar brautir líka skrifað út sína stúdentsleið eins og tölvubrautin nýja hefur gert. Skólakjarni allra brauta og svo stúdentskjarni er skýr og einföld leið almenns náms hjá öllum Tækniskólanum.

Mikið starf er við að koma nýrri námskrá á koppinn, í skipulagsvinnu, kynningu og öllu starfi stjórnanda og kennara Tæknimenntaskólans og er því starfi ekki nándar nærri lokið.

Raungreinastofan á Háteigsvegi stendur vel fyrir sínu. Stöðupróf í ensku 102 og 202 og stærðfræði 102 og 122 voru ekki haldin. Ný námskrá hefur gert þau tilgangslaus.

Tæknimenntaskólinn hefur áfram umsýslu með almennu námi fyrir raunfærninemendur. Fyrir það starf hefur Tæknimenntaskólinn og kennarar hans fengið mikið hrós, bæði frá nemendum sem og lðunni – fræðslusetri og fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins. Námsframboðið fyrir raunfærninemendur miðast við almennu greinarnar sem iðnaðarmenn þurfa að hafa og kennslufyrirkomulagið er í lotum.

Skólastjóri: Kolbrún Kolbeinsdóttir.



6.11 Véltækniskólinn

Skólinn býður vélstjórnarnám sem veitir alþjóðleg réttindi til vélstjórnar að uppfylltum kröfum um siglingatíma og starfsþjálfun, ásamt stúdentsprófi og grunnnámi málmíðna.

Nemendur fá stighækkandi réttindi eftir því sem líður á námið. Námið er sambland af almennum bóklegum áföngum og verklegum áföngum á sviði málmæktækni, vélfræða, kælitækni, rafmagnsfræði, einnig er mikil áhersla á fræðilega þætti vélstjórnar sem kenndir eru í bóklegum áföngum. Nemendur fá þjálfun í meðferð véla og tæknibúnaðar á sérhæfðum verkstöðvum og í fullkomnum vélhermum.

Útskrifaður vélfræðingur öðlast réttindi til atvinnu um allan heim á skipum af öllum stærðum og gerðum, hvort heldur er við fiskveiðar, flutninga eða á stærstu farþegaskipum, að öðrum kröfum uppfylltum. Réttindanámið skiptist í fjögur



réttindaprep, VA réttindi að 750 kW, VB réttindi að 1500 kW, VC réttindi að 3000 kW og VD réttindi – vélfræðingur. Nemendur sem útskrifast sem vélfræðingar, útskrifast einnig sem stúdentar og hafa því greiðan aðgang að raungreinadeildum háskólanna. Vélfræðingar hafa gott orð á sér sem háskólanemendur vegna reynslu sinnar úr starfsnámi og færni við að takast á við flókin verkefni og leysa þau farsællega.

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsliði skólans á starfsárinu, Ásgeir Guðmundsson kennari sagði starfi sínu lausu við skólann og hætti í lok haustannar 2013 og Jóhann Ragnar Pálsson sem hefur kennd við skólann um nokkurt skeið hætti í lok vorannar. Er þessum kennurum þökkun góð störf. . Böðvar A Eggertsson var ráðinn kennari að skólanum og hóf hann störf í ágúst. Nauðsynlegt er að efla kennarahópinn og við auglýsum reglulega eftir verk- eða tæknifræðingum en viðbrögð eru lítil.

Góð og vaxandi aðsókn er að skólanum og því miður höfum við þurft að vísa mörgum frá vegna þess að við höfum ekki heimild til að taka alla þá nemendur inn sem við viljum og reyndar ekki heldur aðstöðu til að fjölga nemendaplássum vegna þrengsla.

Skólinn reynir að endurnýja einhvern hluta tækjabúnaðar á hverju ári og árið 2013 var Volvo Penta ljósavél gerð upp og endurnýjuð.

Véltækniskólinn er kjarnaskóli í vélfræðinámi og hefur frumkvæði að fundum með skólum sem sinna vélfræðimenntun. Einn kjarnaskólafundur var haldinn á árinu þar var kynnt úttekt EMSA frá 2012 á skólanum en megin þema fundarins var námskrárgerð og undirbúningsvinna varðandi hana. Fyrirlesarar voru bæði frá Tækniskólanum og Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. fundarmönnum var skipt í hópa þar sem unnið var að hugmyndavinnu faghópa.

Véltækniskólinn og Siglingastofnun eiga mikil samskipti og góð samvinna hefur tekist milli skólans og Siglingastofnunar um verkferla varðandi réttindi og námsmat. Einnig er öll vinna samkvæmt IMO samþykktum með ágætum. Undirbúningur að endurskoðun á námskrá samkvæmt STCW samþykktum í Manila 2010 vinnur skólinn í góðri samvinnu við Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Siglingastofnun.

Nemendur Véltækniskólans skipuleggja Skrúfudaginn í samvinnu við kennara og stjórnendur skólans og fengu fjölmörg fyrirtæki til að koma og kynna starfsemi sína. Skrúfudagurinn var vel heppnaður og kom fjöldi fólks í heimsókn og kynnti sér starfsemi og búnað skólans

Árið 2009 var vélhermir skólans endurnýjaður og allar viðmót í „stóra hermi“ (big view) tölvuvætt með stórum skjáum. Haustið 2012 var óskað eftir tilboði frá Kongsberg í gagngerar breytingar á herminum í þá veru að allt umhverfi stóra hermínsins verði tölvuvætt. Því miður tókst ekki að koma hreyfingu á þetta mál á árinu og verður unnið að því á næsta ári að fá fjármagn til að endurnýja vélherminn.

Skólastjóri: Egill Guðmundsson.



6.12 Upplýsingatækniskólinn

Upplýsingatækniskólinn býður upp á skapandi nám sem byggist á hugmyndavinnu, hönnun og upplýsingatækni, tekur mið af nýjum tímum og nýrri tækni við framsetningu upplýsinga og miðlun þeirra og vinnur í nánun samstarfi við atvinnulífið og háskólastigið. Í Upplýsingatækniskólanum eru þrjár námsbrautir:

Almenn námsbraut fyrir 16-18 ára nemendur. Nemendur kynnast námi í Upplýsingatækniskólanum og styrkja undirstöðu sína í almennum greinum. Þessi braut er til dæmis heppileg fyrir þá nemendur sem hafa ekki nægan undirbúning til náms á tölvubraut skólans.

Menntar fólk til starfa við allar hliðar á nútíma fjölmiðlun. Þar má nefna bóka- og blaðaútgáfu, ljósmyndun og netmiðlun, allt eftir því hvaða sérsvið er valið. Í náminu er m.a. lögð áhersla á prentsmið, týpógrafíu og grafíska hönnun, umbrot, margmiðlun og textameðferð, ljósmyndun, stafræna uppbyggingu mynda og litstýringu, vefsmiðar og viðmótshönnun sem og útlitshönnun fyrir sjónvarp og netmiðla. Brautin tekur mið af nýjum tímum og nýrri tækni við framsetningu upplýsinga og miðlun þeirra.

Nemendur innritast fyrst í sameiginlegt grunnnám en að því loknu er hægt að velja milli fjögurra sérsviða; **grafísk miðlun, bókband, prentun og ljósmyndun** sem allt eru löggiltar iðngreinar. Að skólanámi loknu getur tekið við framhaldsnám af ýmsu tagi eða starfsþjálfun sem leiðir til sveinsprófs. Grunnnámið er 67 einingar, sérsvið í ljósmyndun og grafískri miðlun er 40 einingar, sérsvið í bókbandi og prentun 20 einingar.

Markmið tölvubrautar er að nemendur öðlist haldgóða þekkingu á sem flestum sviðum tölvutækninnar. Tölvubrautinni er ætlað það hlutverk að vera ávallt í forystu í kennslu tölvufræða á framhaldsskólastigi í íslenskum framhaldsskólum. Nemendur sem ljúka þessari braut hafa öðlast hagnýta menntun í tölvufræðum sem opnar þeim mörg störf. Nemendur sem hyggjast búa sig undir framhaldsnám á háskólastigi (t.d. tölvunarfræði eða hugbúnaðarverkfræði) fá mjög góðan grunn á þeim vettvangi tölvufræða sem þeir kjósa að sérhæfa sig í og stúdentspróf sem er sniðið að kröfum viðtökuskóla.

Nám á tölvubraut er skipulagt þannig að nemendur innritast fyrst í sameiginlegt grunnnám en að því loknu geta þeir valið mismunandi námsleiðir, s.s. forritun, vefsmiðar, gagnasafnsfræði og netfræði. Tölvubrautin er 138 eininga stúdentsnám.

Dreifnám er í boði bæði í grunnnámi upplýsinga- og fjölmiðlagreina og grunndeild tölvubrautar. Það hefur verið vaxandi og gengið vel og nú er svo komið að nokkur hluti nemenda sem innritast á sérsvið í ljósmyndun og grafíska miðlun hafa lokið grunnnáminu alfarið í dreifnámi. Þó ekki hafi verið gerð formlega könnun á námsárangri þeirra og þekkingu í samanburði við þá nemendur sem luku grunnnáminu í dagskóla virðist ekki vera munur þar á.

Dreifnám á tölvubraut er einnig vaxandi og er í skoðun að hefja samstarfi við valda skóla á landsbyggðinni þannig að nemendur geti lokið grunndeild tölvubrautar í dreifnámi með stuðningi frá sínum skóla en dvalist í heimabyggð þeim mun lengur.

Skólastarf árið 2013 gekk vel, bryddað var upp á ýmsum nýjungum í kennsluháttum og námskrár voru í stöðugri endurskoðun.

- Nemendur í grafískri miðlun héldu metnaðarfulla útskriftarsýningu í nóvember sem vakti mikla athygli. Núna í byrjun júní þreyttu 11 nemendur sveinspróf í grafískri miðlun/prentsmið og stóðust öll prófið. Ekki hafa svo margir nemendur þreytt sveinspróf á sama tíma í mörg ár.
- Mikið hefur verið lagt upp úr því að efla samstarf við atvinnulífið á undangengnu skólaári og sjáum við afraksturinn í mun fleiri nemaplássum í grafískri miðlun. Vinnustaðakynningar og heimsóknir eru drjúgur hluti náms á seinni önninni, enda er hún ætluð til styttingar starfsþjálfunar og kennsla því í miklum tengslum við atvinnulífið.
- Á sérsviði í ljósmyndun héldu nemendur bæði einkasýningar og samsýningar á lokaverkefnum og var mikil gróska í starfinu. Samstarf við Árbæjarsafn er afar gott og þar eru haldnar ljósmyndasýningar á hverri önn.



- Á síðasta skólaári var farið í markvisst átak til að auka áhuga á námi í bókband og prentun m.a. með því að kenna inngangsfanga í báðum greinunum. Árangurinn varð sá að nemendur verða á báðum þessum sérviðum á haustönn 2014 og munu þeir útskrifast í desember.
- Mikil áhersla var lögð á samstarf milli deilda skólans, t.d. starfar ljósmyndadeild með gullsmíðadeild og Hársnyrtiskóla.
- Nemendur í grafískri miðlun tóku þátt í Íslandsmóti iðngreina á síðasta ári og stóðu sig mjög vel. Í júlí 2013 fór keppandi í grafískri miðlun á World Skills í Leipzig.
- Nemendur tölvubrautar stóðu sig afar vel í Forritunarkeppni framhaldsskólanna, náðu þar nokkrum sigursætum að venju.
- Samstarf við Iðuna-fræðslusetur er töluvert, endurmenntunarnámskeið fyrir prentiðnaðinn eru haldin í Upplýsingatækniskólanum og eiga kennarar skólans alltaf tvö sæti frátekni þeim að kostnaðarlausu á öll námskeið.
- Skólastjóri og nokkrir kennarar Tölvubrautar eru meðlimir í Skýrslutæknifélaginu og fá allar upplýsingar sendar um starf þess félags sem er leiðandi í umræðu og umfjöllun um upplýsingatækni í samfélaginu.
- Samstarf vegna námskrár og kennslu á tölvubraut hefur verið við Fjölbrautaskóla Suðurnesja og VMA og kennarar frá þessum skólum komu í heimsókn. Einnig var samvinna um námskrágerð við Fjölbrautaskólann í Breiðholti.
- Starf með fagráðum hefur gengið vel þar sem þau eru virk og þá sérstaklega í grafískri miðlun og prentun.

Vorið 2010 fékkst leyfi mennta- og menningarmálaráðuneytis til tilraunakennslu tveggja nýrra námskráa í Upplýsingatækniskólanum. Það voru námskrár tölvubrautar og upplýsinga- og fjölmiðlabrauta sem samdar voru á grundvelli nýrra framhaldsskólalaga. Kennsla í þessum námskrám hófst svo haustið 2010 og hefur gefið góða raun. Lagðar til ýmsar breytingar frá núverandi námskrám, í nýrri námskrá upplýsinga- og fjölmiðlagreina er til dæmis gert ráð fyrir lengingu sérviða, þ.e. hinna fjögurra löggiltu iðngreina: bókbands, grafískrar miðlunar, ljósmyndunar og prentunar, í tvær annir í stað einnar.

Í desember árið 2011 fékkst síðan samþykki ráðuneytisins fyrir tilraunakennslu námskrár í grafískri miðlun og ljósmyndun sem innifelur lengingu í tvær annir í skóla (40 einingar) og í staðinn er starfsþjálfunin stytta um hálf ár. Sú breyting er komin til framkvæmda og hefur gefist vel, nemendur þykja koma vel undirbúnir í vinnustaðanam. Frekari rannsóknir er þó þörf á þessu.

Mikið þróunarstarf var unnið í Upplýsingatækniskólanum í tengslum við innleiðingu nýrrar námskrár. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar í kennslutilhögun og allt nám er verkefnastýrt. Námsmat er að mestu leyti símat og leiðsagnarmat og ferilmöppur eru lagðar til grundvallar innritunar á sérvið í ljósmyndun og grafíska miðlun.

Það að tilraunakenna nýjar námskrár þýðir í raun að skólinn er í stöðugu endurmati og í stöðugri samræðu um kennsluaðferðir og námsmat, markmið og hæfnikröfur. Má segja að skólinn hafi því undanfarin ár verið suðupottur fyrir nýjar hugmyndir og skólaþróun.

Aðsókn að Upplýsingatækniskólanum hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár og ekki hefur verið hægt að innrita alla sem sótt hafa um nám. Sérstaklega á það við um nám á tölvubraut þar sem aðsókn hefur aukist hlutfallslega meira en á upplýsinga- og fjölmiðlabraut þó aðsókn hafi þó einnig aukist töluvert þar. Eftirfarandi tölur sýna þetta glögg.

Umsóknir fyrir vorönn 2013 voru samtals 192 en umsóknir fyrir haustönn 2013 voru samtals 494, þar af 251 á tölvubraut og 190 á upplýsinga- og fjölmiðlabraut.


Útskrifaðir vorið 2013 voru 14 nemandi af tölvubraut, 11 úr ljósmyndun og 12 úr grafískri miðlun. Útskrifaðir í desember 2013 voru 6 nemendur af tölvubraut, 9 úr ljósmyndun og 11 úr grafískri miðlun. Enginn nemandi útskrifaðist úr prentun eða bókbandi árið 2013.

Það er ljóst að átaks er þörf til að fjölga nemendaígildum á tölvubraut en einnig þarf að grípa til aðgerða til að fjölga innrituðum nemendum í prentun og bókband.



Upplýsingatækniskólinn hefur lagt fram tillögur um sameiningu iðngreina í bókagerð; prentsmíð, prentun og bókband og í framhaldi yrði samin ný námskrá fyrir sameinaðar greinar. Þessar tillögur eru nú í skoðun hjá Félagi bókagerðarmanna og starfsgreinaráði upplýsinga- og fjölmiðlagreina.

Skólastjóri: Bjargey Gígja Gísladóttir



7 Kjarnaskólahlutverk TS

Samkvæmt þjónustusamningi Tækniskólans, skóla atvinnulífsins við Mennta,- og menningarmálaráðuneytið þá er Tækniskólinn kjarnaskóli í skipstjórnar- og vélstjórnargreinum. Tækniskólinn hefur lagt sig fram um að rækja það hlutverk af alúð og samvirkusemi.

Helstu verkefni Skipstjórnar- og Vélstjórnarskólans sem kjarnaskóla á undanförunum árum sem kjarnaskóla hafa verið margvísleg og tengst fjölbreyttum verkefnum.

Megin verkefnin hafa annars vegar verið samstarf og ráðgjöf til innlendra skóla og hins vegar samstarf við stjórnvöld um réttindamál og þróun náms.

Vélstjórnarskólinn boðar aðra skóla sem kenna vélstjórnargreinar reglulega til funda þar sem fjallað er um námið í heild og hvernig staðið er að kennslu í einstökum greinum. Einnig eru menntunarkröfur og breytingar á samþykktum IMO kynntar, ásamt innleiðingum á breytingum á alþjóðlegum menntunarkröfum samkvæmt STCW.

Skólinn býður kennurum og öðrum starfsmönnum skóla til heimsóknar til að kynna starfsemi og einnig hefur skólastjóri og kennarar farið í skólaheimsóknir til að fá yfirlit um starfið í öðrum skólum sem kenna vélstjórnargreinar.

Skipstjórn í dagskóla er eingöngu kennd hjá Skipstjórnarskólanum með reglubundnum hætti, en aðrir skólar og endurmenntunarstofnanir kenna skipstjórn óreglulega og í námskeiðum og hefur Skipstjórnarskólinn veitt þeim mikilvæga aðstoð og samvinna verið góð. Unnið er að heildarendurskoðun á námsskrá skipstjórnarnáms í samræmi við breyttar kröfur IMO og mun það skila sér til allra sem kenna skipstjórnargreinar. Skólastjóri skipstjórnarskólans hefur sótt fundi hjá IMO vegna þessara breytinga.

Vélstjórn er kennd víða á landinu og hefur Vélstjórnarskólinn gegnt mikilvægu hlutverki sem kjarnaskóli í að gera þeim skólum kleyft að halda úti kennslu, sérstaklega með tilliti til þeirra alþjóðakrafna sem að náminu lúta. Skólar nýta aðstoðu og tækjabúnað Vélstjórnarskólans í Reykjavík og hafa kennarar Vélstjórnarskólans gjarnan kennt ákveðna þætti bæði í Reykjavík sem og hjá skólunum í þeirra heimabyggð. Tækniskólinn útskrifar sameiginlega með nokkrum skólum þeirra nemendur og er það gert til staðfestingar á því að námið sé samkvæmt þeim reglum sem vottun Tækniskólans byggir á.

Skólarnir starfa með Siglingastofnun að ýmsum faglegum þáttum sem lúta að IMO og er ráðgefandi varðandi menntunarstig og réttindaútgáfu stofnunarinnar.





Haustið 2008 stóð Véltækniskólinn fyrir samnorrænni ráðstefnu um vélherma The 16th NCERS (Nordic Conference on Engine-Room Simulators). Til ráðstefnunnar var boðið öllum véltækniskólum á Norðurlöndum.

Véltækni- og Skipstjórnarskólarnir eru í góðum tengslum við skóla á Norðurlöndunum og hafa skólastjórar og kennarar farið í heimsóknir til Finnlands, Danmerkur og Noregs til að kynna hvernig staðið er að menntun vélstjóra í þessum löndum.

Skólastjóri Véltækniskólans sækir árlega ásamt fagkennara, fundi Kongsberg um vélherma og kappkostar nýta þau sambönd og upplýsingar sem þar fást, til að efla skólastarfið hér heima á Íslandi. Skólarnir kappkosta að vera í góðu samstarfi við fyrirtæki og einstaklinga um ýmsa þætti menntunarinnar svo sem rannsóknir og tilraunir til að prófa nýjar leiðir í nýtingu á orkugjöfum.

Véltækniskólinn vinnur nú að gerð skólanámskrár í samvinnu við VMA og verður sú hugmyndavinna megin þema kjarnaskólafundar sem skólinn boðar til síðar á þessu ári.

Tækniskólinn hefur ekki haldið sérstaklega utanum ráðstöfun fjármuna vegna verkefnis kjarnaskóla þar sem mjög erfitt er að meta til fjár margt af því sem skólinn gerir og tengist hlutverki hans sem kjarnaskóla beint eða óbeint. Tækniskólinn lítur svo á að hann rækti vel það mikilvæga hlutverk að vera kjarnaskóli og telur að hlutverk skólans sé vel metið af samstarfsskólum.

8 Fámennar námsbrautir


Tækniskólinn hefur þá skyldu samkvæmt þjónustusamningi dags, 18/03/2013 „að halda uppi kennslu á fámennum námsbrautum“ fær til þess sérstakt framlag. Framlagið skal mæta kostnaði við starfrækslu brautanna sem er umfram það sem reiknilíkan framhaldsskólanna ætlar til þeirra.“

Á tímabili núgildandi þjónustusamnings hafa orðið miklar breytingar á vinnumarkaðnum og það endurspeglast í aðsókn í verk- og tækninám. Þannig hafa greinar sem voru í ágætis jafnvægi orði að fámennum greinum sem í raun eru ekki rekstrarhæfar. Má þar t.d. nefna múrsmíð sem hefur skroppið saman úr 34 nemendum í aðeins 12 nemendur milli árána 2009 - 2013 í námi sem tekur 5 annir í skóla. Hins vegar er húsgagnasmíði sem árum saman var haldið gangandi með 4-6 nemendum en hefur nú risið úr öskustónni og þar eru um 50 nemendur árið 2013.

Árið 2013 veitti skólinn þjónustu við eftirtaldar fámennar iðngreinar: múrsmíð, skósmíði, veggfóðrun og dúklagnir, bókbönd, prentun, húsgagnabólstrun. Að auki hefur reglulega verið boðið upp á fagáfanga í iðnmeistaránámi í fámennum greinum.

Þjónustan er veitt með ýmsum hætti en algengast er að skólinn semji við fyrirtæki í atvinnulífinu um að þjálfa nemendur í ákveðnum fagþáttum og skólinn greiði fyrir það. Dæmi um slíkt er bókbönd þar sem samið hefur verið við þjóðarbókhöðuna um að annast tiltekna fagþætti í handbókböndi undir handleiðslu iðnmeistarara í faginu. Prentsmiðjan Oddi hefur síðan kennt vélbókböndið. Skólinn greiðir leiðbeinendunum og einnig umsjónarmanni skólans sem leggur upp verkefni og fylgist með framkvæmdinni.

Ekki hefur verið haldið sérstaklega utan um kostnaðinn við þessa þjónustu en nokkuð augljóst er að hann er meiri en sú upphæð sem skólanum er ætluð til verksins. Það er metnaður skólans að halda úti öllum þeim námsbrautum sem skólinn hefur kennt á undanförunum árum og halda þannig lífi í greinum sem ekki eru mannmargar en nauðsynlegar fyrir atvinnulífið í landinu. Við viljum stuðla að því að hefðir og handverk tapist ekki því að alkunna er að það er auðveldara að styðja en reisa.



9 Ýmsar tölulegar upplýsingar um skólahald

Skólaárið 2013 voru alls í námi í Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins 2812 nemendur í dagskóla. Töflurnar hér fyrir neðan sýna þróun nemendafjölda dagskóla eftir skólum.

9.1 Yfirlit yfir nemendafjölda á einstökum brautum í 2008 -2013

Fjöldi nemenda eftir brautum og skólum í dagskóla

Skóli	Braut nemenda	2008 Haust	2009 Vor	2009 Haust	2010 Vor	2010 Haust	2011 Vor	2011 Haust	2012 Vor	2012 Haust	2013 Vor	2013 Haust
Byggingatækniskólinn	Almenn námsbraut Byggingatækniskólans					5	7	13	11	11	9	2
	Grunnnám tréiðna	49	38	30	15	14	10	23	1	8	2	10
	Húsasmiði	1	1		4	4	7	4	3	4	6	
	Húsgagnasmiði	71	123	125	131	110	112	114	104	94	123	
	Málaraiðn	23	50	38	44	30	43	31	38	33	39	26
	Múriðn	35	40	28	26	24	23	12	20	16	18	13
	Tækniteiknun	85	83	82	66	55	52	58	44	51	44	43
	Veggfóðrun og dúkalagnir		5	4	6		1	1	5	6	4	2
Byggingatækniskólinn Count		264	340	307	292	242	255	256	236	233	216	219
Fjölmenningskólinn	Almenn náms nýbúa	107	98	153	127	76	86	94	89	97	69	87
	Starfsnám	36	36	45	37	43	37	40	34	29	22	25
Fjölmenningskólinn Count		143	134	198	164	119	123	134	123	126	91	112
Hársnyrtiskólinn	Almenn námsbraut Hársnyrtiskólans					10	12	29	14	14	11	16
	Hársnyrtideild	118	114	137	125	128	115	103	104	105	98	95
Hársnyrtiskólinn Count		118	114	137	125	138	127	132	118	119	109	111
Hönnunar- og handverksskólinn	Almenn námsbraut Hönnunar- og handverkssk.					9	9	24	13	8	7	6
	Fataiðn	46	53	28	39	28	30	23	29	6	14	39
	Fatateknir	37	53	83	90	100	101	112	98	110	98	72
	Gull- og silfursmiði	20	22	25	27	26	22	20	23	20	20	13
	Keramikhönnun	2	4		6	2	2	1	5	1	5	
	Listnámsbraut	138	151	125	124	78	78	87	84	77	78	92
	Listnámsbraut hraðferð	22	20	55	47	39	36	44	42	44	54	52
Hönnunar- og handverksskólinn Count		265	303	316	333	282	278	311	294	266	276	274
Margmiðlunarskólinn	Margmiðlunarskólinn	60	66	62	55	60	58	68	70	71	65	63
Margmiðlunarskólinn Count		60	66	62	55	60	58	68	70	71	65	63
Myndlistaskólinn	Keramikhönnun	6	5	13		7		6		7		
	Kjörsvið textil					12	34		15	12	12	14
	Mótun	20	17	25	25	49	31	26	32	17	20	17
	Teikning								1	14	14	14
Myndlistaskólinn Count		26	22	38	25	68	65	32	48	50	46	45
Raftækniskólinn	Almenn námsbraut Raftækniskólans					3	3	10	2	3	1	6
	Grunnnám rafíðna	109	115	128	102	103	81	110	76	94	75	79
	Grunnnám rafíðna Hraðferð	15	26	17	12	16	2	15	2	16	17	20
	Hljóðtækni									2		2
	Rafeindavirkjun	33	30	37	45	51	59	54	64	59	44	40
	Rafveituvirkjun				1							
	Rafvélavirkjun		2									
		Rafvirkjun	30	37	44	54	51	51	37	53	40	38
Raftækniskólinn Count		187	210	226	214	224	196	226	197	214	175	184
Skipstjórnarskólinn	Almenn námsbraut Skipstjórnarskólans					1		1	1			
	Skipstjórnarskólinn	87	62	70	67	86	80	92	90	100	95	106
Skipstjórnarskólinn Count		87	62	70	67	87	80	93	91	100	95	106
Tækni-menntaskólinn	Almenn braut	135	86	42	26	10	9	12	5	11	1	
	Almenn braut H	29	20	1				1				
	Janus endurhæfing	7	23	21	16	27	22	28	34	37	40	29
	Náttúrufræðibraut	19	13	17	14	9	11	11	10	13	9	9
	Náttúrufræðibraut - raftækni		1		2	5	6	11	12	18	20	19
	Náttúrufræðibraut - skipstækni	1	1	1	1							
	Náttúrufræðibraut - véltækni	7	6	3	3	3	1	1	1			
	Náttúrufræðibraut-flugtækni	77	87	64	56	41	34	42	34	27	22	24
	Stúdentspróf af list- og starfsbr.	3	9	25	22	26	37	23	32	35	28	33
		Tækni braut	1	1	3							
Tækni-menntaskólinn Count		279	247	177	140	121	120	129	128	141	120	114
Upplýsingatækniskólinn	Almenn námsbraut Upplýsingatækniskólans					10	2	42	10	23	17	14
	Ljósmyndun	9	12	21	12	12	19	13	31	29	23	29
	Prentsmíð	14	18	31	37	36	44	30	26	33	25	33
	Prentun	3	3	6	6	2						1
	Tölvubraut	210	206	234	234	217	211	248	257	281	295	322
		Upplýsinga- og fjölmiðlabraut	177	171	167	175	142	113	139	114	104	121
Upplýsingatækniskólinn Count		413	410	459	464	419	389	472	438	470	481	515
Véltækniskólinn	Almenn námsbraut Véltækniskólans					1	1	2	3	6	7	5
	Grunnnám málmíðna			14	16	10	4	4	3	4		
	Véltækniskólinn	182	170	183	183	173	183	187	191	195	187	195
Véltækniskólinn Count		182	170	197	199	184	188	193	197	205	194	200
Grand Total		2024	2078	2187	2078	1944	1879	2046	1940	1995	1868	1943

Dreifnám 2009-2013

Fjöldi nemena í dreifnámi

Skóli	Haust 2008	Vor 2009	Haust 2009	Vor 2010	Haust 2010	Vor 2011	Haust 2011	Vor 2012	Haust 2012	Vor 2013	Haust 2013	Vor 2014
Byggingatækniskólinn	184	202	156	114	48	60	36	29	14	9	16	12
Meistaraskóli	263	295	281	260	233	198	251	250	249	212	213	169
Raftækniskólinn	72	88	43	2	17	13	30	7		2	3	2
Skipstjórnarskólinn	20	134	301	187	118	212	340	178	156	188	173	202
Tæknimenntaskólinn	53	74	51	33	22	20	31	36	31	28	30	28
Upplýsingatækniskólinn	81	97	69	67	39	48	44	37	52	45	90	68
Véltækniskólinn	2	28	24	24	31	24	19	20	28	27	32	26
Tækniskólinn samtals	675	918	925	687	508	575	751	557	530	511	557	507

Nemenadaígildi í dreifnámi

Skóli	Haust 2008	Vor 2009	Haust 2009	Vor 2010	Haust 2010	Vor 2011	Haust 2011	Vor 2012	Haust 2012	Vor 2013	Haust 2013	Vor 2014
Byggingatækniskólinn	40,7	38,1	28,8	19,5	6,7	9,7	3,6	5,1	2,1	1,5	3,7	5,6
Meistaraskóli	76,7	78,7	70,6	66,1	64,3	51,7	64,8	62,2	59,9	52,7	51,7	40,9
Raftækniskólinn	9,6	13,8	3,6	0,2	1,4	1,3	4,5	0,5	0,0	0,4	0,3	0,2
Skipstjórnarskólinn	3,2	20,8	32,5	28,2	19,1	26,3	49,2	33,6	28,8	35,9	32,9	38,8
Tæknimenntaskólinn	3,0	5,7	5,1	3,0	3,7	4,1	7,0	6,2	5,9	6,1	5,9	5,4
Upplýsingatækniskólinn	13,2	14,3	9,4	9,4	7,8	8,8	9,9	8,3	8,3	5,4	13,4	11,1
Véltækniskólinn	0,1	3,2	2,2	3,7	3,0	3,1	2,2	2,8	3,6	4,3	5,0	3,9
Grand Total	146,6	174,5	152,2	130,1	106,2	105,0	141,2	118,7	108,7	106,2	112,8	105,8

Aldursdreifing í skólanum

Aldur undir 18 ára og 19 ára og eldri

Skóli	Aldursbil	2008	2009	2009	2010	2010	2011	2012	2012	2013	2013	
		Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	
Byggingatækniskólinn	18 og undir	62	75	83	47	60	30	43	30	44	31	46
Byggingatækniskólinn	19 og yfir	202	265	224	245	182	225	213	206	189	185	173
Fjölmenningskólinn	18 og undir	58	58	74	51	64	46	66	39	52	20	49
Fjölmenningskólinn	19 og yfir	85	76	124	113	55	77	68	84	74	71	63
Hársnyrtiskólinn	18 og undir	43	30	47	23	43	29	47	28	44	24	34
Hársnyrtiskólinn	19 og yfir	75	84	90	102	95	98	85	90	75	85	77
Hönnunar- og handverksskólinn	18 og undir	51	60	51	34	55	26	41	27	34	25	29
Hönnunar- og handverksskólinn	19 og yfir	212	243	265	299	228	253	270	267	232	251	245
Margmiðlunarskólinn	18 og undir			1						3		
Margmiðlunarskólinn	19 og yfir	60	66	61	55	60	58	68	70	68	65	63
Myndlistaskólinn	18 og undir			3						1		
Myndlistaskólinn	19 og yfir	28	22	35	25	68	65	32	48	49	46	45
Raftækniskólinn	18 og undir	67	78	64	36	47	21	44	25	48	26	41
Raftækniskólinn	19 og yfir	120	132	162	178	177	175	182	172	166	149	143
Skipstjórnarskólinn	18 og undir	7	5	9	5	11	5	7	3	3	2	8
Skipstjórnarskólinn	19 og yfir	80	57	61	62	76	75	86	88	97	93	98
Tæknimenntaskólinn	18 og undir	182	147	81	42	33	16	31	16	28	19	34
Tæknimenntaskólinn	19 og yfir	97	100	96	98	87	103	98	112	113	101	80
Upplýsingatækniskólinn	18 og undir	168	161	162	123	160	105	212	150	215	152	236
Upplýsingatækniskólinn	19 og yfir	245	249	297	341	259	284	260	288	255	329	279
Véltækniskólinn	18 og undir	38	36	47	29	45	26	42	28	35	14	19
Véltækniskólinn	19 og yfir	144	134	150	170	139	162	151	169	170	180	181


Meðalaldur nemenda 2008-2013

Meðalaldur nemenda

Undirskóli	2008	2009	2010	2011	2012	2013	Meðaltal
Dagnám	22,73	22,79	22,86	23,07	23,72	23,44	23,0
Dreifnám	32,53	35,50	34,28	36,60	34,95	35,24	34,8
Tækniakad	31,58	33,85	34,77	35,17	30,44	31,52	33,2
Meðaltal	25,3	25,9	25,5	23,5	26,3	26,1	25,3

Meðalaldur nemenda eftir skólum í dagskóla

Skóli	2008		2009		2010		2011		2012		2013	
	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust
Byggingatækniskólinn	25,2	24,0	24,6	23,3	25,1	23,7	25,9	25,0	26,6	25,5	25,7	25,3
Fjölmenningskólinn	25,8	23,7	24,0	24,7	25,0	20,9	22,1	21,2	24,2	23,6	25,4	22,7
Hársnyrtiskólinn	22,0	20,2	21,1	20,9	21,7	21,0	21,8	21,6	21,9	21,3	22,0	21,5
Hönnunar- og handverksskólinn	25,1	23,4	23,4	23,5	24,9	23,3	24,2	23,4	24,8	23,7	24,8	24,4
Margmiðlunarskólinn	28,5	26,7	29,2	25,2	26,5	26,0	26,9	26,2	27,3	25,5	26,3	26,2
Myndlistaskólinn	39,3	36,0	36,7	32,1	36,0	28,4	28,8	34,7	31,1	30,9	31,6	29,8
Raftækniskólinn	23,9	22,2	22,5	22,4	23,9	24,1	25,2	23,3	24,7	23,5	24,1	23,3
Skipstjórnarskólinn	29,4	29,7	29,1	26,7	28,1	26,2	27,9	27,7	28,8	27,3	29,1	28,1
Tæknimenntaskólinn	19,7	19,5	20,8	21,3	22,3	23,5	24,3	23,1	24,0	25,3	24,7	22,7
Upplýsingatækniskólinn	22,6	21,6	21,3	21,6	22,5	21,1	22,0	20,5	21,7	21,1	22,1	20,6
Véltækniskólinn	26,5	24,6	24,0	22,9	24,4	22,6	24,1	23,5	24,5	23,7	25,1	24,3
Tækniskólinn	24,2	22,9	23,2	23,0	24,1	23,0	24,2	23,1	24,4	23,7	24,5	23,4



9.2 Brottfall árið 2013

Afföll af einingum hefur verið að lækka á undanförunum árum. Frá árinu 2008 hefur það lækkað um 3,3 prósentustig. Markmið skólans er að lækka það enn frekar. Viðmið í afföllum eininga er hversu margar einingar eru við upphaf skólastarfs á hverri önn og hversu margar einingar skila sér til prófs. Ástæður þess að afföll eininga eru minni eru margar en þar má nefna að nemendahópurinn hefur verið að styrkjast og heildarviðvera nemenda í skólanum að batna.

Brottfall eininga eftir námsbrautum nemenda

Skóli nemenda	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Byggingatækniskólinn	18,70%	20,40%	16,83%	18,05%	14,27%	11,75%
Fjölmenningskólinn	15,88%	13,96%	21,43%	15,03%	18,74%	14,94%
Hársnyrtiskólinn	22,47%	16,13%	13,83%	16,87%	16,84%	13,86%
Hönnunar- og handverksskólinn	19,26%	20,01%	15,87%	15,17%	14,38%	15,31%
Margmiðlunarskólinn	20,39%	19,49%	11,90%	10,42%	21,43%	16,37%
Raftækniskólinn	15,90%	19,56%	16,70%	17,04%	17,20%	13,59%
Skipstjórnarskólinn	11,87%	12,92%	20,75%	20,35%	17,56%	16,55%
Tæknimenntaskólinn	32,49%	20,53%	11,75%	11,14%	12,06%	12,03%
Upplýsingatækniskólinn	13,91%	15,44%	17,43%	16,64%	17,83%	18,75%
Véltækniskólinn	14,31%	16,52%	18,54%	17,54%	19,47%	13,63%
Myndlistaskólinn	20,83%	22,92%	11,72%	17,71%	5,47%	21,35%
Tækniskólinn	17,95%	17,93%	16,59%	16,30%	16,22%	15,01%

Brottfall eininga eftir fagaföngum skóla

Skóli áfanga	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Byggingatækniskólinn	20,23%	20,39%	16,60%	16,67%	14,03%	12,09%
Fjölmenningskólinn	18,10%	14,13%	18,60%	14,98%	18,50%	15,69%
Hársnyrtiskólinn	26,65%	13,22%	14,45%	13,00%	16,92%	15,76%
Hönnunar og handverksskólinn	19,12%	19,56%	15,63%	14,51%	14,56%	16,63%
Myndlistaskólinn	10,89%	29,04%	15,51%	10,56%	6,93%	27,06%
Raftækniskólinn	15,82%	17,14%	16,36%	16,98%	17,98%	15,72%
Skipstjórnarskólinn	12,53%	14,23%	21,14%	19,51%	19,99%	12,60%
Tækniakademían	20,30%	19,55%	14,29%	10,53%	18,80%	16,54%
Tæknimenntaskólinn	18,67%	18,16%	15,61%	16,70%	16,66%	14,19%
Upplýsingatækniskólinn	15,80%	16,36%	17,84%	16,27%	15,87%	17,86%
Véltækniskólinn	14,77%	17,57%	19,87%	18,04%	16,75%	13,01%
Tækniskólinn	17,95%	17,93%	16,59%	16,30%	16,22%	15,01%




Brottfall eininga í dreifnámi

Skóli	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Byggingatækniskólinn	29,81%	24,00%	17,84%	22,94%	14,23%	28,86%
Meistaraskóli	13,61%	13,04%	13,77%	9,82%	7,84%	6,72%
Raftækniskólinn	46,49%	25,44%	18,14%	32,43%	39,06%	17,29%
Skipstjórnarskólinn	0,00%	22,03%	15,95%	15,31%	17,32%	17,02%
Tæknimenntaskólinn	26,74%	23,30%	20,58%	15,74%	20,26%	12,02%
Upplýsingatækniskólinn	24,84%	31,55%	18,15%	11,02%	17,36%	29,41%
Véltækniskólinn		37,54%	21,84%	27,68%	23,68%	14,29%
Tækniskólinn	25,49%	21,49%	16,48%	14,87%	14,60%	14,09%

9.3 Kynjahlutfall í Tækniskólanum 2013

Ójafnvægi er í hlutfalli karla og kvenna í Tækniskólanum. Eins og sést á myndinni hér fyrir neðan eru enn sterkar „karla og kvenna“ greinar og þokast lítið í átt til jafnræðis í þeim greinum. Hlutfall kvenna í skólanum í heild árið 2013 var 33,2% og hafið lækkað úr 36,5% árið 2009 þannig að heldur stefnir í öfuga átt.



9.4 Brautskráningar

Árið 2013 útskrifuðust alls frá Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins 627 nemendur úr 12 skólum með alls 627 skírteini. Úr reglulegu framhaldsskólanámi útskrifuðust 421 af 26 brautum en úr Tækniakademíunni 206 nemendur. Verðlaun fyrir besta heildarárangur í dagskóla á vorönn 2013 hlaut Þorgerður Sigurgeirsdóttir Byggingatækniskólanum og fyrir næstbesta heildarárangur Hulda Margrét Hauksdóttir Byggingatækniskólanum.

Á haustönn 2013 hlaut Margrét Káradóttir Upplýsingatækniskólanum verðlaun fyrir bestan heildarárangur í dagskóla og Elvar Kjartansson Raftækniskólanum fyrir næstbesta heildarárangur. Fleiri nemendur fengu viðurkenningu fyrir góðan námsárangur, en ýmis fyrirtæki og félög úr atvinnulífinu veita verðlaun þeim nemendum sem þykja skara fram úr á sinni braut. Við hverja útskrift eru veitt á bilinu 25-30 viðurkenningar af ýmsum toga. Úr Tækniakademíunni útskrifuðust alls 206 nemandi af 7 mismunandi námslínunum. Þær eru; Meistaraskólinn, Margmiðlunarskólinn, hljóðtækni, flugvirkjun, mótun, textill og teikning. Veitt voru verðlaun fyrir góðan árangur í öllum greinum.

9.5 Áfangastjórn

Innritun og töflugerð

Áfangastjóri hefur yfirumsjón með innritun, fjölda nemenda, kennslumagn og skipting þess milli skóla. Kennslumagni er úthlutað til skólastjóra sem skipta kennslu innan sinna skóla og leggja grunninn að stundatöflugerðinni. Í samvinnu við Advanía hefur verið unnið að þróun á töflugerðarhluta Innu með það að markmiði að hver skóli geti verið sjálfstæður í stundatöflugerð og hafa orðið verulegar framfarir á því sviði.

Þróunarstarf

Í samvinnu við bókasafn voru á haustönn 2011 unnar tillögur að breyttri og samræmdri uppsetningu á heimasíðum skólanna og uppsetningu á síðu fyrir áfangastjórn sem inniheldur allt útgefið efni á vegum áfangastjórnar. Þessari vinnu lauk á árinu 2012 og voru gerðar verulegar breytingar á heimasíðum allra skóla.

Viðveruskráning og skólasókn

Til viðbótar við það starf sem unnið er í samvinnu við námsstjóra og námsráðgjafa vegna eftirlits með skólasókn og námsárangri sendir áfangastjórn vikulega yfirlit til skólastjóra með upplýsingum um óskráða viðveru einstakra kennara. Á föstudögum er öllum nemendum ásamt forráðamönnum nemenda undir 18 ára sent yfirlit yfir skólasókn annarinnar í tölvupósti

Áfangastjóri: Halldór Hauksson

9.6 Námsstjórn

Námsráðgjöf

Starfandi eru þrjú námsráðgjafar í fullu starfi við Tækniskólann, sinna þeir námsráðgjöf við nemendur allra undirskóla Tækniskólans, dagnám og dreifnám. Einnig taka þeir virkan þátt í kynningum á skólanum út á við og skipuleggja heimsóknir nemenda grunnskóla í skólann. Einn námsráðgjafanna hefur yfirumsjón með mati á námi úr öðrum skólum.

Eftirlit með skólasókn

Í samvinnu við áfangastjóra er fylgst með skólasókn nemenda. Nemendum sem ekki hafa náð tilskyldum lágmarksárangri á liðinni önn þrátt fyrir sæmilegar mætingar er gefinn kostur á að gera sérstakan samning við námsstjóra um skólasókn og er síðan fylgst sérstaklega með skólasókn þeirra. Foreldrar ólöggraða nemenda í þessum hópi koma að gerð samninganna og eftirfylgni þeirra.

Kennslustjórnun

Námsstjóri sér um samræmingu á reglum um skipulag kennslu og námsmats og yfirfer allar kennsluáætlanir á hverri önn í þeim tilgangi í samráði við skólastjóra. Þessu tengjast umræður um kennslu- og námsmatsaðferðir sem eru sífellt í endurskoðun í samræmi við þróun skólans.

Foreldraráð

Við skólann er starfandi foreldraráð. Hittist það nánast mánaðarlega á starfstíma skólans og fjallar um nemendamál og samskipti foreldra og skólans.

Námskrágerð

Árið 2013 var unnið áfram í námskrágerð og einnig unnið að endurskoðun þeirra námskráa sem þegar var fengin heimild til að tilraunakenna. Í tilraunakennslu voru námskrár fataiðngreinanna fatatækni, kjólasaums og klæðskurðar, hársnyrtigreina, nýbúabrautar, tölvubrautar, upplýsinga- og fjölmiðlagreina en það eru grunndeild upplýsinga- og fjölmiðlagreina og sérgreinarnar grafísk miðlun og ljósmyndun og rafiðngreina. Námskrá Tæknimenntaskólans kom í tilraunakennslu haustið 2013.

Námsstjóri: Guðmundur Páll Ásgeirsson



10 Sjálfsmat og innra eftirlit

10.1 Gæðakerfi

Grunnhugsunin á bak við gæðakerfi er að unnið sé að stöðugum umbótum á allri starfsemi skólans, að ferlar skólans séu gegnsærir og þjónusta við nemendur sé eins og best verði á kostið. Það er ein af forsendum framþróunar að menn hugi stöðugt að endurbótum.

Alþjóðlegar samþykktir frá IMO, sem Ísland og þar með skólinn er aðili að, og lög frá Alþingi gera kröfur á skólann um vottað gæðakerfi skólans. Rökrétt er því að Skipstjórnarskólinn og Véltækniskólinn vinni eftir slíku kerfi. IMO gerir kröfu um úttekt á gæðakerfinu á fimm ára fresti eða oftar. Þessi úttekt er gerð af utanaðkomandi, óháðum aðila.

Tækniskólinn hefur vottun ISO 9001:2008 fyrir hluta þess náms sem í skólanum er boðið og er ytri vottun framkvæmd á 6 mánaða fresti af Vottun hf. Tækniskólinn hefur þegar innleitt marga af þýðingarmestu ferlum sem snúa að kennslu og skipulagi kennslu þvert á alla skóla innan Tækniskólans. Tækniskólinn í heild stefnir að formlegri vottun allrar kennslu á árinu 2014.

Gæðakerfi skólans á að tryggja að skólinn uppfylli þær þarfir og væntingar sem nemendur og aðrir viðskiptavinir hafa til hans. Gæðakerfið er leiðarvísir um kennsluferli skólans, hver gerir hvað, hvernig og hvenær. Þetta ferli er stöðugt endurbætt og tekið út tvisvar á ári. Með gæðakerfi er verið að lýsa hvernig skólinn starfar og tryggja að unnið sé eftir þeim vinnureglum sem þar eru settar. Innihald gæðakerfis skólans er í Rekstrarhandbók hans sem opin er öllum í gegnum heimasíðu skólans, www.tskoli.is.

10.2 Kennslumat

Samkvæmt rekstrarhandbók skólans (gæðahandbók) er kennslumat framkvæmt meðal nemenda í skólanum á hverri önn og svara þeir spurningum á Námsnetinu, námskerfi Tækniskólans, um áfanga og kennslu. Spurningarnar eru svipaðar milli ára og er framkvæmdin á ábyrgð Námsstjóra.

Þegar könnunni er lokið er opið fyrir matið og það birt kennurum og heildarniðurstöður matsins eru settar á heimasíðu skólans. Skólastjórar ræða almennt niðurstöður kennslumatsins á fagfundum skóla eða í starfsmannasamtölum sem er sjálfstætt ferli [VKL-205 Frammistaða starfsmanna](#).

Tækniskólinn

Kennslumat – meðaleinkunn

Skóli	Haust- og vorannir frá 2008-2013												
	V08	H08	V09	H09	V10	H10	V11	H11	V12	H12	V13	H13	Samtals
Byggingatækniskólinn	3,66	3,86	4,36	4,32	4,37	4,4	4,33	4,29	4,35	4,21	4,21	4,28	4,22
Endurmenntunarskólinn	3,78	4,01	3,95	4,17	4	3,96							3,98
Fjölmenningskólinn		4,39	4,41	4,36		4,58	4,36	4,38	4,26	4,4	4,31	3,97	4,34
Flugskóli Íslands				4,55	4,4	4,29	4,44	4,44	4,26	4,54	4,7		4,45
Hársnyrtiskólinn		4,43	4,57	4,62	4,61	4,66	4,45	4,53	4,63	4,6	4,61	4,7	4,58
Hönnunar og handverksskólinn		4,31	4,41	4,34	4,29	4,33	4,28	4,4	4,39	4,43	4,4	4,39	4,36
Meistaraskólinn						3,94	3,69	3,69	3,78	3,74	3,88	3,96	3,81
Raftækniskólinn		4,12	4,08	4,03	4,13	4,15	3,92	4	4,14	4,17	4,17	4,17	4,1
Skipstjórnarskólinn		4,3	4,52	4,63	4,37	4,36	4,21	4,32	4,03	4,32	4,22	4,42	4,34
Tækniakadémían	3,77		3,98		3,84		3,79	3,55	4,71	4,06	3,95	4,04	3,96
Tæknimenntaskólinn	3,65	3,95	4,09	4,15	4,2	4,08	4,08	4,09	4,1	4,07	4,06	4,28	4,06
Upplýsingatækniskólinn	3,97	4,13	4,32	4,3	4,39	4,38	4,17	4,06	4,13	4,21	4,25	4,29	4,22
Véltækniskólinn		4,16	4,22	4,18	4,31	4,11	4,09	4,04	4,04	4,16	3,96	3,99	4,11
Samtals	3,69	4,16	4,26	4,34	4,28	4,3	4,15	4,2	4,24	4,24	4,23	4,23	



10.3 Miðannarmat

Á hverri önn fer fram miðannarmat í Tækniskólanum. Þá gefa kennarar nemendum vitnisburð um stöðu þeirra í hverjum áfanga fyrir sig. Tilgangur miðannarmatsins er að gefa á einfaldan hátt vísendingar um stöðu nemandans um miðja önnina. Vitnisburðurinn byggir fyrst og fremst á því námsmati sem þegar hefur farið fram í viðkomandi áfanga.

Vitnisburður á miðannarmati er gefinn í bókstöfum.

A = Ágætt. Nemandanum gengur ákaflega vel.

B = Í lagi. Nemandinn hefur tök á efni en má ekki slá slöku við.

C= Ábótavant. Nemandinn þarf að taka sig á til að ná áfanganum.

X= Ekki forsendur til að gefa vitnisburð.

Miðannarmatið er hvatning til þeirra nemenda sem fá C að ganga af kappi í það að læra og leita aðstoðar hjá kennara eða námsráðgjafa til þess að skipuleggja námið í áfanganum. Þeir sem fá B eru hvattir til að slá ekki slöku við og helst að bæta árangurinn enn frekar. Þeir sem fá A eru hvattir til að halda áfram á sömu braut og gefa hvergi eftir.

10.4 Innri rýni

Skólameistarar í samvinnu við stjórnendur skólans ber ábyrgð á og hafa frumkvæðið í vinnunni með rýni stjórnenda, að unnið sé að stöðugum umbótum á allri starfsemi skólans og að unnið sé eftir þessu ferlum rekstrarhandbókar. Þar sem rekstrarráð er jafnframt gæðaráð skólans þá tvinnast gæðamál og önnur dagleg rekstrarmál skólans saman í heildarrekstur.

Rýni stjórnenda er sérstakur rekstrarráðsfundur sem er boðaður í lok hverrar annar. Til að undirbúa rýni stjórnenda tekur gæðastjóri saman skýrslu um greiningu á öllum frábrigðum, ábendingum/kvörtunum, úrbótum og forvörnum sem fram hafa komið á önninni.


Einnig er farið yfir gæðastefnu og markmið og metin þörf á auðlindum og umbótum. Nauðsynlegar aðgerðir og verkefni eru ákvarðaðar og settar á verkefnislista einstakra stjórnenda samkvæmt verklagi framkvæmdaráðs.

Skólameistarar fylgir öllum verkefnum á verkefnislista stjórnenda eftir, en sér sérstaklega til þess að gæðatengdar aðgerðir fari í réttan farveg.

Rýniskýrslur stjórnenda má sjá á vef skólans <http://www.tskoli.is/taekniskolinn/skyrslur/> undir „Innra og ytra mat“.

Mælistikur

Atriði til mælinga	Markmið mælinga	Mælistika	2008	2009	Viðmið	Mæling		
					2010	2011	2012	2013
Kennsal og nám								
Afföll skráðra eininga	Verði undir 15%	INNA - áramót	18,62%	16,53%	15,63%	15,56%	15,31%	15,05%
Hlutfall staðinna eininga	Verði yfir 75%	INNA - áramót	71,28%	73,55%	75,44%	75,29%	75,44%	73,65%
Vægi lokaprófa minnki	30% á þremur árum	INNA - áramót	Nýtt	46%	47%	42%	35%	37%
Notkun ferilmöppu sem hluta námsmats	30% á ári	Kennsluáætlanir	n/a	n/a	Nýtt	2012	Í gangi	Í gangi
Þróun námsbrauta								
Nýjar/endurskoðaðar námsbrautir á öllum brautum	Amk 4 á ári	Talning um áramót	n/a	n/a	15	4	4	3
Nýjar námsbrautir á 4. stigi	Amk 3 á þremur árum	Talning um áramót	n/a	n/a	Nýtt	1	2	2
Fjölga nemendum sem ljúka 4. stigi	20% á þremur árum	Inna - áramót	n/a	303	303	271	189	187
Mannauður								
Viðhorf skannanir - 1 könnun á ári víxl starfsmenn/nemendur	Kanna viðhorf	Skýrsla	Nem	Starfs.	Nem.	Nem.	Starfsm/nýnem	Nem.
Heildarniðurstöður kennslumats	Yfir 4	Skýrsla	4,12	4,27	4,30	4,22	4,24	4,23
Niðurstaða áfangahluta kennslumats	yfir 4	Skýrsla	n/a	n/a	Nýtt	4,17	4,28	4,22
Rekstur								
Tekjur aðrar en opinber framlög og nemendagjöld	10% á þremur árum	Fjárhagsyfirlit	11,5%	13,3%	15,4%	15,0%	15,8%	16,4%
Meðalnýting í kennsluhópum	yfir 90% á hverju ári	Skýrsla	83,30%	86,85%	90,00%	101%	101%	95%
Hlutfall launakostnaðar af heildartekjum	Undir 80%	Fjárhagsyfirlit	74,47%	79,26%	75,88%	75,02%	73,47%	73,11%
Gæðakerfi ISO 9002 í allan skólann	Komið á 2014 vottað	Vottunarskjal	Skip+Vél	Í gangi	Í gangi	Í gangi	Í gangi	Haust 2014



Tækniskólinn – ytri úttektir

Á árinu 2013 fóru fram hefðbundnar viðhaldsúttektir á gæðakerfi skólans:

- Vottun ehf. viðhaldsúttekt vegna gæðavottunar vor 2013
- Vottun ehf. viðhaldsúttekt vegna gæðavottunar haust 2013

Í heild kom skólinn vel frá þessum úttektum og þær athugasemdir sem gerðar voru efnislega litlar og auðveldar í úrbótum.

Niðurstöður úttektanna er að finna á heimasíðu skólans [http://www.tskoli.is/taekniskolinn/skyrslur/undir „Innra og ytra mat“ -> „Viðhaldsúttektir Vottunar hf. vegna ISO-9001.](http://www.tskoli.is/taekniskolinn/skyrslur/undir_„Innra_og_ytra_mat“_-_„Viðhaldsúttektir_Vottunar_hf_vegna_ISO-9001.“)

11 Félagslíf Nemenda

Félagsmálafulltrúi starfar með nemendum að uppbyggingu og rekstri Nemendasambandsins og er tengiliður við skólameistara. Rekstur og ábyrgð á nemendafélögunum breyttist mikið með nýjum framhaldsskólalögum frá Menntamálaráðuneytinu sumarið 2008. Með lögnum voru nemendafélög færð undir ábyrgð framhaldsskóla, sem þýðir meðal annars að starfsfólk skólanna sér um bókhald þeirra og í skaðabótamálum yrði skólinn ábyrgur. Félagsmálafulltrúi er Hulda Birna Baldursdóttir.

11.1 Nemendasamband Tækniskólans

Nemendasamband Tækniskólans (NST) fékk ný lög á árinu og var í þeim skerpt á hlutverki sambandsins annars vegar og skólafélaganna sem starfandi eru í hverjum skóla hins vegar. Í öllum skólum Tækniskólans voru starfrækt skólafélög og voru mörg þeirra ágætlega virk. Skólafélög Tækniskólans eru í:

- Byggingartækniskólanum
- Fjölmenningskólanum
- Flugskóla Íslands, nefnt TF-NEF
- Hársnyrtiskólanum
- Hönnunar- og handverksskólanum, nefnt Skissa
- Raftækniskólanum
- Skipstjórnarskólanum, nefnt Nemendafélag stýrimanna
- Tæknimenntaskólanum
- Upplýsingatækniskólanum
- Vél-tækniskólanum, nefnt SVIR
- Margmiðlunarskólanum

Formenn skólafélaganna mynda Nemendasamband sem fundar reglulega. Markmið Nemendasambandsins er að taka stærri ákvarðanir sem snúa að NST og skólafélögunum. Stjórn NST er kosin í almennri kosningu. Kosið er til formanns, gjaldkera, ritara, meðstjórnanda og skemmtanastjóra. Auk þess tilnefna formenn skólafélagana tvo úr sínum hópi í stjórn NST. Auglýstir voru stofnfundir ráða og nefnda eins og skemmtinefndar, leikfélags, ljósmyndanefndar og svo framvegis. Þessi ráð og nefndir hafa það hlutverk að virka eins og stuðningshópar í skipuriti NST. Sá greinarmunur hefur verið gerður á nefnd og ráði að nefnd hefur skyldum að gegna gagnvart NST en ráð eru hugsuð eins og áhugamannaklúbbar sem geta starfað með stuðningi NST. Nefndir hafa þá greiðari aðgang að styrkjum frá NST en takmark var sett á fjárstyrki til ráða að upphæð 50.000 krónur. Í lok hverrar annar gefur félagsmálafulltrúi þeim nemendum sem verið hafa í forsvari fyrri félagsstörf 1-3 einingar fyrir störf sín í samráði við formenn félaga, klúbba og ráða.

11.2 Fjármál NST

Á árinu var styrkur skólans til NST að upphæð 6.000.000 kr.- og greiddur í jöfnum hlutföllum á vorönn og haustönn. Fjármálstjóri Tækniskólans sá um gjaldkerastarfið, í þeim tilgangi að hafa góða yfirsýn yfir fjármálin og til þess að jafna útdeilingu fjármagns til Nemendasambandsins og skólafélaganna. Styrknum til skólafélagana er deilt niður eftir fjölda nemenda. Þurfi skólafélag ekki að nýta allan styrkinn á skólaárinu er honum skilað til baka til NST, þannig að öll skólafélög byrja á núllinu hvert haust. Rekstur NST var í ágætu jafnvægi og hallalaus.

11.3 Aðstaða NST

Aðstaða Nemendasambandsins er góð bæði á Háteigsvegi og á Skólavörðuholti. Á bókasafnsgangi á 5. hæð á Skólavörðuholtinu er skrifstofa félagsmálafulltrúa, og Sturtuklefinn sem er fundarými fyrir nemendur. Á Háteigsvegi eru skólafélögin 3 sem þar hafa aðsetur hvert með sína skrifstofu. Á Skólavörðuholti er hljóðeinangrað tónlistarherbergi þar sem nemendur hafa aðgang að 2 kassagíturum, rafmagnsbassa, trommusetti og litlu söngkerfi. Nemendur hafa aðgang að íþróttasal sem skólinn leigir og er þar spilaður fótbolti alla fimmtudaga. Einnig er í skólanum lítil líkamsræktarstöð þar sem nemendur geta mætt nánast þegar þeim hentar ef þeir verða sér úti um aðgangskort. Þessi líkamsræktarstöð er líka notuð af starfsfólki TS

11.4 Viðburðir

- Nýnemakvöld sem tókst mjög vel, þar sem nemendur fengu Candyfloss, gos, pizzur, kynning var á nemendafélögum og Ari Eldjárn kom og var með uppistand.
- Nýnemaferð upp á Akranes með um 200 nemendur í Óvissuferð sem skemmtu sér konunglega fórum í ratleik, bíó og fengum að borða samlokur.
- Þátttaka í undankeppni Paintballmóts framhaldsskólanna
- Undankeppni Söngkeppni framhaldsskólanna sem haldin var í Hátíðarsal með 12 keppendum.
- Lan-mót skólans voru haldin bæði vor og haust og gengu afar vel. Þátttaka var um 120 manns á hvoru móti.
- Árshátíðir stórar sem smáar þar sem tveir og tveir undirskólar tóku sig saman.
- 4 kósíkvöld voru haldin í matsal Skólavörðuholtshússins á skólaárinu þar sem tónlist var spiluð og auk þess sem föndurhorn á Jólakósí sló rækilega í gegn.
- Fyrir utan þessa upptalningu voru haldnar fjöldamargar uppákomur á vegum skólafélaganna. Ætla má að þær hafi verið yfir 40 talsins, vísindaferðir, bíóferðir, föndurkvöld, árshátíðir undirskóla og fleira.
- Þátttaka í keppnum á vegum skólans eins og forritunarkeppni, lógókeppni, paintballkeppni, **Boxið**.

12 Samvinna og tengsl við atvinnulífið

Lokaverkefni nemenda notað í fornvarnafræðslu

Nemendur í Margmiðlunarskólanum gerðu sem lokaverkefni teiknimynd sem notuð er í forvarnafræðslu gegn kynferðislegri misnotkun á börnum. Teiknimyndin Leyndarmálið – segjum nei, segjum frá! er fyrsta verkefni samtakanna Réttindi barna. Verkefnið hefur frá byrjun hlotið jákvæð viðbrögð frá fagaðilum, yfirvöldum, skólastjórum, foreldrum og almenningi. Felix Bergsson skrifaði handrit og var leikstjóri.



Nýr þjónustusamningur MMR og Tækniskólans undirritaður

Mánudaginn 18. mars var undirritaður nýr þjónustusamningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Tækniskólans. Samningurinn er til 5 ára og kemur í stað þess samnings sem undirritaður var 2008. Samtímis var undirritaður skólasamningur sem einnig er til 5 ára en sá samningur er endurskoðaður árlega og farið yfir markmið skólastarfsins.



Á myndinni eru frá vinstri, Baldur Gíslason, skólameistari, Jón B. Stefánsson, skólameistari, Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Bolli

Árnason formaður stjórnar Tækniskólans að undirrita samningana.

Höfðingleg gjöf til Raftækniskólans

Miðvikudaginn 13.mars á kynningardegi Raftækniskólans afhenti Eyjólfur Ólafsson formaður félags rafeindavirkja Raftækniskólanum höfðinglega gjöf. Valdemar Gísli Valdemarsson skólastjóri Raftækniskólans veitti gjöfinni viðtöku.

Gjöfin var gjafabréf upp á 750 þúsund krónur til kaupa á Festo vélbúnaði til nota við kennslu í rafeindavirkjun.

Félag rafeindavirkja fær bestu þakkir fyrir stuðninginn sem er ómetanlegur fyrir Raftækniskólann sem stefnir að því að breyta kennsluháttum allra brauta yfir í verkefnastýrt nám.

Raftækniskólinn heimsóttur.

Þann 13. mars var haldin kynning á starfsemi Raftækniskólans. Markmiðið var að kynna breytingar sem orðið hafa á skólanum, bæði kennsluháttum og húsnæði.



Haustið 2012 var vesturálmú skólans breytt í opið rými með sal fyrir 70 nemendur í verklegri vinnu og rými fyrir 30 nemendur í bóklegu. Þetta er mikil bylting og samhliða þessu var byrjað að breyta kennslutækni á framhaldsbrautum í verkefnastýrt nám. Verkefnið hefur gengið vonum framár.

Komu margir að skoða skólann, þar á meðal fulltrúar frá atvinnulífinu, menntamálaráðuneytinu, Félagi kennara í rafiðnaði, skólastjórnendur víða að og fulltrúar starfsgreinaráðs rafiðnaðarins. Einnig komu gamla kempur úr hópi eldri kennara. Einnig voru gestir okkar frá Þýskalandi, Jubelmann-Schule með sýningu sýna um endurnýjanlega orkugjafa og okkar nemendur sýndu Rubens Fire sem er röð gasloga sem birtir hljóðbylgjur og gerir kleift að mæla bylgjulengd. Frábær heimsókn og lofuðu margir gestanna hve vel þessi breyting hefur heppnast.

Nemendur skólans unnu samkeppnina í umbúðahönnun 2013

Nemendur hönnunarbrautar Anna Guðbjarts, Helga Björg og Ásta Þórðar gerðu sér lítið fyrir og unnu fyrstu verðlaun í umbúðahönnun Odda og FÍT 2013.

Verkefnið var unnið sem hópverkefni í áfanganum AHL403 (almenn hönnun, efnisval og útfærsla) undir stjórn Alenu Anderlovu og Önnu Snædísar. Allar þær umbúðir sem komust í úrslit verða til sýnis á Listasafni Íslands á hönnunarmars 2013.

Gjöf frá Securitas

Í dag, 23. apríl 2013, kom Ólafur Friðrik Sigvaldason, tækniamaður frá Securitas færandi hendi með gjöf til Raftækniskólans. Um var að ræða tvær heimavarnir (öryggiskerfi) af fullkomnustu gerð með góðu úrvali skynjara.



Við þökkum Securitas fyrir þessa höfðinglegu gjöf en fyrir átti Raftækniskólinn tvö samskonar kerfi sem Securitas hafði áður gefið skólanum.

Sjómannasamband Íslands gefur veglega bóka gjöf Sjómannasambandið hefur um langt árabil verið öflugur stuðningsaðili menntunar sjómanna og Skipstjórnar- og Vélstjórnarskóli Tækniskólans njóta þess í dag.

Saga Alþýðusambands Íslands, mikið rit í tveimur bindum og stóru broti var að koma út og 8. apríl 2013 færði Sævar Gunnarsson, formaður SSÍ, Vél-tækniskólanum og Skipstjórnarskólanum þessa veglegu sögu verkalýðshreyfingarinnar að gjöf.

Skólastjórnarnir Vilbergur Magni Óskarsson og Egill Guðmundsson tóku við þessum góðu gjöfum og er Sjómannasambandinu færðar þakkir fyrir höfðinglega gjafir og ánægjuleg samskipti fyrr og síðar.



Ljósmyndanemar fá Canon búnað

Ljósmyndadeild Tækniskólans og Nýherji gerðu með sér samning.

"Nýherji leggur ríka áherslu á að eiga farsælt samstarf við ljósmyndarasamfélagið hér á landi, bæði atvinnu- og áhugafólk" segir Halldór Jón Garðarsson, vörustjóri Canon EOS hjá Nýherja, og að með þessu vilji fyrirtækið annars vegar styðja við bakið á nemendum í skólunum og hins vegar hvetja nemendur til að nota Canon EOS ljósmyndabúnað í framtíðinni.



Samningur Tækniskólans og Klak Innovit

Með samningnum er ætlunin að efla samstarf Tækniskólans við fyrirtæki í atvinnulífinu, með áherslu á raunhæf verkefni fyrir hönnunarbraut skólans. Með slíku samstarfi eiga sprota- og nýsköpunarfyrirtæki, sem tengjast Klak Innovit möguleika á aðstoð við afmörkuð verkefni tengd hönnun.


Diljá Valsdóttir kom og undirritaði samninginn fyrir hönd Klak Innovit og á móti henni tóku Atvinnulífstengill skólans Ólafur Sveinn Jóhannesson og skólameistararnir Baldur Gíslason og Jón B Stefánsson.



Stærðfræðisnillingar skólans

Þrjú nemendur Tækniskólans eru kallaðir til áframhaldandi þátttöku í stærðfræðikeppni framhaldsskólanna og eru boðnir í kaffisamsæti í HR í dag klukkan 17. Þetta eru þeir:

Sigurður	Galdur	Loftsson	(á	neðra	stigi)
Arnar	Bjarni	Arnarsson	(á	efra	stigi)
James Elías Sigurðarson (á efra stigi)					



Vinsældir Skipstjórnarskólans

Námið sem er kennt bæði í dagskóla og dreifnámi virðist henta mörgum og nemendahópurinn er fjölbreyttur. "Aðsókn að Skipstjórnarskóla Tækniskólans hefur verið með slíkum ágætum síðustu árin að vart er hægt að bæta við í bili" er haft eftir Vilbergi Magna skólastjóra í viðtali sem birtist á visir.is. Einnig er rætt við Sigurð Friðfinnsson nemanda í skólanum um námið

Hin árlega forritunarkeppni framhaldsskóla var haldin 16. mars

Hin árlega forritunarkeppni framhaldsskóla var haldin í HR laugardaginn 16. mars. Í ár kepptu tæplega 50 lið í þremur deildum: Kirk, Spock og Scotty. Fjöldi liða frá Tölvubraut Tækniskólans var með í keppninni í ár og er skemmst frá því að segja að nemendur okkar komu sáu og sigruðu.

Í fyrsta sæti í Kirk deild var liðið SIGSEGV og í öðru sæti var liðið Kirk einnig frá Tækniskólanum.

Í Scotty deildinni höfnuðu lið Tækniskólans í fyrsta og öðru sæti. Í fyrsta sæti var liðið Hringur og í öðru sæti var liðið HellCats.



Tækniskólinn keppir til úrslita í Boxinu

Síðastliðinn þriðjudag fór fram forkeppni fyrir Boxið - framkvæmdakeppni framhaldsskólanna - og tóku þrjú lið þátt, fyrir hönd Tækniskólans.

Liðin fengu 30 mínútur til þess að leysa ákveðna þraut og voru lausnir metnar út frá frumleika, hönnun og framkvæmd. Þrautin fólst í því að byggja brú milli tveggja borða, úr tveimur spilastokkum, og átti brúin að halda einum 10 kr. pening í minnst 10 sekúndur. Samhliða átti liðið að leysa ákveðna tölvuþraut, sem var einskonar tölvuleikur. Það er skemmst frá því að segja, að öllum liðum skólans tókst að framkvæmda þrautina, með góðum árangri, en aðeins eitt lið frá hverjum skóla getur tekið þátt í úrslitakeppninni.



Liðið sem varð fyrir valinu, nefnist Tesla, til heiðurs uppfinningamanninum Nikola Tesla - sem m.a. fann upp útvarpið. Allir liðsfélagar Tesla eru nemendur í Tækniskólanum:

- Ólafur Magnús Oddsson - nemi í vélstjórn
- Guðjón Benediktsson - nemi í húsgagnsmíði
- Brynjar Magnús Friðriksson - nemi í grunndeild rafiðna
- Konráð Elí Sigurgeirsson - nemi á tölvubraut
- Tanja Hrund Hlynsdóttir - nemi í fatatækni

Nýsveinahátíð Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík 2013

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík hélt árlega verðlaunahátíð sína laugardaginn 2. febrúar 2013 í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur til heiðurs nýsveinum sem luku burtfararprófi í iðngreinum með afburðaárangri 2012.

Fimmtán af tuttugu og tveimur nýsveinum, sem hlutu viðurkenningu fyrir afburðaárangur á sveinsprófi, luku námi frá Tækniskólanum.

Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, er verndari hátíðarinnar og ávarpaði nýsveina og gesti ásamt Katrínu Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, og Jóni Gnarr, borgarstjóra í Reykjavík. Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari, Auður Hafsteinsdóttir fiðluleikari og Steinunn Birna Ragnarsdóttir annars vegar og Flensborgarkórinn, undir stjórn Hrafnhildar Blomsterberg, hins vegar, fluttu tónlist við hátíðina.



Gjöf frá Johan Rønning til Raftækniskólans

Johan Rønning færði Raftækniskólanum höfðinglega gjöf í dag, fjóra rafmagnsgólfskápa með öllum innviðum.

Óskar Gústavsson sölustjóri rafbúnaðardeildar afhenti gjöfina í dag, 12. júní, og Sigursteinn Óskarsson veitti henni viðtöku fyrir hönd Raftækniskólans.

Raftækniskólinn þakkar Johan Rønning fyrir þessa gjöf sem á eftir að verða mikil lyftistöng fyrir kennslu í rafiðngreinum.



Góður árangur í World Skills

World Skills keppni þessa árs er lokið en keppnin fór í allastaði vel fram. Íslensku keppendurnir og dómarar sóttu sér mikla reynslu sem á eftir að skila sér í umræðu um þekkingu iðnnema hér á landi auk þess að lyfta þessum keppnisgreinum á Íslandsmóti iðn- og verkgreina á nýjan stað. Keppendur á World Skills voru um 1000 frá 52 þjóðum og komu u.þ.b. 200.000 manns til að sjá keppnina. Af íslensku keppendunum stóð sig best nemandi Tækniskólans, skóla atvinnulífsins Lena Magnúsdóttir hársnyrtiiðn sem varð í 16.sæti með 492 stig



Viðurkenning fyrir frábæra frammistöðu

Skólameistarar kvöddu sér hljóðs í matsal nemenda í hádeginu í dag og afhentu nemendum, sem unnu til verðlauna fyrir hönd skólans m.a. í forritunarkeppni framhaldskóla og umbúðahönnun. Einn af þeim sem fékk viðurkenningu er Arnar Björn Arnarson en hann vann sér rétt til þátttöku í Norðurlandakeppninni í stærðfræði. Skólameistarar minntust við tækifærið á að Hársnyrtiskólinn hefði nýlega verið með frábæra útskriftasýningu sem fjallað hefði verið um í fjölmiðlum. Kennarar og starfsmenn skólans eru stoltir af nemendum sínum.



13 Brot af umfjöllun um skólann og starfsemi hans í fjölmiðlum

5 69 11 00

Ritstjóri: ritstjóri@mbl.is
Auklýsingar: auglý@mbl.is
Lokett: askrif@mbl.is | sími 5691100
mbl: netþrett@mbl.is



Morgunblaðið

LAUGARDAGUR 16. NÓVEMBER 320. DAGUR ÁRSINS 2013



Morgunblaðið/Góli

Opið hús Sýning útskriftarnemanna verður í Upplýsingatækniskólanum klukkan 13-15 í dag, en uppsetning hennar hefur staðið yfir undanfarna daga.

Sýningin þverskurður námsins

● Útskriftarnemar í grafískri miðlun markaðssetja sig með ráðstefnuverkefni

Steinþór Guðbjartsson
steinthor@mbl.is

Útskriftarnemar í grafískri miðlun í Upplýsingatækniskólanum bjóða almenningi á útskriftarsýningu í skólanum í dag, þar sem aðalefnið er sameiginlegt ráðstefnuverkefni. Ímynduð samtök halda ráðstefnu, sem snýst um jafnrétti, og hafa nemarnir hannað umfjöllunarefni hennar og umgjörðina. Sýningin verður opin kl. 13-15 í dag og stendur síðan uppi næstu daga.

Fjölbreyttni

Svanhvít Stella Ólafsdóttir, kennari og verkefnisstjóri í grafískri

miðlun í Upplýsingatækniskólanum, segir að útskriftarhópurinn sé einstaklega sterkur. „Sýningin er þverskurður af náminu,“ segir hún.

Með ráðstefnuverkefninu, sem er aðalatriði sýningarinnar, markaðssetja nemarnir sig fyrir atvinnu- og markaðinn. Þeir teiknuðu merki ímynduðu samtakanna og bjuggu til efni fyrir ráðstefnuna, gerðu sjónvarpsuglýsingu og dagblaðsauglýsingu, útbjuggu vef, rúllustanda og dreifibréf, matseðil fyrir hátíðarkvöldverð, umbúðir til að gefa ráðstefnugestum og fleira. Auk þess brutu þeir um bók og rafrók. Á sýningunni er ennfremur tímarit, sem er í vinnslu og er lokaverkefni nem-

UPPLÝSINGATÆKNISKÓLINN

Fyrsta vetrarsýningin

Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins er með uppskeruhátíð á vorin, þar sem allir undirskólamir halda sýningu. Þetta er hins vegar í fyrsta sinn sem Upplýsingatækniskólinn, sem er einn undirskólanna, heldur sýningu á þessum árstíma, en ástæðan er sú að nemar í grafískri hönnun, sem útskrifast um júl, taka ekki þátt í vörusýningunni. Þegar nemendurnir taka sveinspróf kallast þeir prentsmiðir.

anna, og verkefni einstaklinga frá því fyrr í náminu.

Margt hægt að gera

Björg Gunnarsdóttir er í útskriftarhópnun sem útskrifast í desember en í byrjun næsta árs tekur við námssamningur til sex mánaða og þá gerir hún ráð fyrir að taka sveinsprófið. „Ég fékk námssamning í Svansprenti og það er mjög flott,“ segir hún og bætir við að ekki sé auðvelt að fá samning.

Í hópnun eru 13 útskriftarefni og þar af einn karlmaður. „Þetta hefur verið mjög skemmtilegt og við vinnum mjög vel saman,“ segir Björg. Hún segist hafa sérstaklega gaman af tæknilega hlutanum og hönnun almennt. Möguleikarnir séu margir og námið nýttist víða vel. „Það er margt hægt að gera,“ áréttar hún.

Síauknar vinsældir Skipstjórnarskólans

• INNLENT KL 10:33, 20. NÓVEMBER 2013

Líkar þetta 8



Aðsókn að Skipstjórnarskólunum hefur aukist stórum síðustu ár.

• FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

ÞORGILS JÓNSSON SKRIFAR:

Aðsókn að Skipstjórnarskóla Tækniskólans hefur verið með slíkum ágætum síðustu árin að vart er hægt að bæta við í bili. Skólastjóri segir stöðuga eftirspurn eftir skipstjórnarmenntuðu fólki.

„Aðsóknin hefur verið nokkuð stöðug og góð síðustu ár og fjölgun, sérstaklega í dreifnáminu,“ segir Vilbergur Magni Óskarsson, skólastjóri Skipstjórnarskóla Tækniskólans, í samtali við Fréttablaðið.

Aðspurður segir Vilbergur að bæði séu að koma inn nýir nemendur og gamlir að snúa aftur.

„Nýir nemendur eru að sækja sér réttindi og flestir þeirra stefna að því að klára þau öll. Svo erum við líka með mikið af nemendum sem eru að koma aftur, jafnvel eftir langan tíma, til að bæta við sig réttindum.“

Vilbergur segir erfitt að gefa sér mikið um ákveðna tilhneigingu í náminu.

„En það eru að koma inn menn með gamla fiskimannaprófið og sækja sér farmannaréttindi. Sérstaklega ef þeir eru að sigla á stærri fiskiskipum til útlanda og þurfa aukin réttindi þess vegna. Svo eru sumir að skipta um vettvang og fara yfir í farmennsku. Það er allt til í þessu.“

Með 242 nemendum, þar af 103 í dagskóla, segir hann erfitt að bæta við nemendum.

18. mar. 2013 - 22:15

50 glæsileg módel á Austur: Myndir

Nemendur á lokönn í Hársnyrtiskólanum í Reykjavík héldu veglega sýningu á skemmtistaðnum Austur sl. föstudagskvöld. Vakti sýningin mikla lukku og var margt um manninn. Þetta var í tíunda sinn sem sýningin er haldin en hún er árlegur viðburður hjá nemendum sem eru að útskrifast frá skólanum.

Sædis Ösp sem er nemandi við skólann segir að unnið hafi verið að sýningunni alla önnina með aðstoð hinna ýmsu kennara. Þau hafi m.a. safnað styrkjum, útvegað ljósmyndara, plötusnúð og gefið út bæklinga.



Innlent | Morgunblaðið | 21.2.2013 | 8:19

Flugvirkjar læra loks á heimavelli



Ólafur Örn Amarnson t.v. og Davíð Þór Sveinsson skoða hreyfil gömlu Fokker-vélar Geeslunnar. mbl.is/Skapti

á skólabekk, síðan vinna þeir í tvö ár hjá flugfélagi til að afla sér reynslu og að því loknu – hafi þeir staðið sig nógu vel! – komast þeir út á vinnumarkaðinn.

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins (þar sem Flugskóli Íslands er deild), gerði samning um víðtækt samstarf um menntun flugvirkja við Flugsafn Íslands á sínum tíma, og þótti fengur að, vegna þess að þar er vel búið að flugvéllum og flugvélahlutum sem henta vel til verklegrar kennslu.

Hópur flugvirkjanema hefur dvalið í Flugsafni Íslands á Akureyri undanfarnar vikur við verklegt nám.

Íslendingar gátu ekki lært fagið hér heima í um það bil hálfra öld, þar til að Tækniskóli Íslands ákvað að slá til og gefa mönnum kost á því fyrir nokkrum misserum. Viðbrögðin voru góð og hálfur þriðji tugur manna er nú við nám, að því er fram kemur í umfjöllun um mál þetta í Morgunblaðinu í dag.

Hópurinn sem dvelur á Akureyri hóf nám haustið 2011. Fyrstu tvö árin sitja nemarnir

ALVÖRU EFNI OG HEIÐARLEIKI

HÚSGAGNASÝNING Nemendum hefur fjölgað í húsgagnadeild Tækniskólans undanfarin ár. Nú stendur yfir sýning á fjölbreyttum verkum þeirra.

Húsgagnasýning nemenda í húsgagnadeild Tækniskólans hófst á fimmtudaginn og lýkur á morgun, þriðjudag. Á sýningunni eru sýnd lokaverkefni nemenda en einnig ýms önnur verkefni sem nemendur hafa unnið í vetur. Rúmlega 30 nemendur stunda nám við deildina en aðsókn í námið hefur aukist undanfarin ár að sögn Magnúsar



Olafssonar, yfir-

kennara í húsgagnadeild. „Íslensk húsgagnasmíði hefur braggast mikið undanfarin ár. Nemendur okkar fá mikilvægt tækifæri til smíða húsgögn.

Þau gera eigin efni- og verkáætlun og fá svo leyfi til að fara út í búð og kaupa efni. Svo er líka gaman að sjá að kynjahlutiföllin eru að jafnaði í náminu.“

Það eru fjölbreytt verk sem nemendur sýna á húsgagnasýningunni að sögn Stgríðar Óladóttur kennara, en hún og Magnús hafa umsjón með sýningunni. „Öll húsgögn á sýningunni eru hönnuð af nemendum. Hér eru sýnd skrifborð, sófi, tólf stakir stólar, ýmsar tegundir skápa, bókahillur, kómmóða og tallborð svo nokkur dæmi séu tekið. Flest húsgögnin eru smíðuð úr eik og mahónivíð en birkið, hlynur og hnota eru líka vinsælt hráefni.“



Magnús segir íslenska húsgagnahönnun vera mjög blátt áfram. „Við notum meira alvöru efni alla leið og erum ekki að pota inn gerviefnum eða ýmsum reddingum. Við erum heiðarleg í efni- og verkun og það sést á verkum nemenda okkar.“

Flestir nemendur eru komnir með vinnu eftir útskrift enda mikil eftirspurn eftir starfskröftum þeirra að sögn Stgríðar.



„Það er beðið eftir nemendum okkar á verkstæðum landsins. Þar munu þau mörk vinna sem Innréttingasmíðir og taka síðan sveinsprófið eftir 18 mánuði. Það er svo sannarlega settið um þessa krakka.“

Upphaflega átti sýningin að standa yfir í tvo daga en Magnús segir umfang hennar hafa kallað á fleiri sýningardaga. „Fólk getur komið hingað í dag og á morgun þriðjudag milli kl. 10 og 16 en sýningin verður á annarri hæð í vestrálmú skólans hér á Skólavörðuholtinu.“

■ starr.is/365.is

NEMENDASÝNING

Fjölbreytt verk verða sýnd á húsgagnasýningu í Tækniskólanum. Að ofan má sjá skipuleggjendur sýningar ásamt því sem er nemandi á lokadri, fyrir framan verk hennar.

MENY/ISTUR



14 Rekstrarsvið – stoðþjónusta

14.1 Umsjón húsnæðis

Markmið húspjónustu er að tryggja að öll starfsemi í húsnæði Tækniskólans uppfylli, með árangursríkum hætti, sett markmið um þjónustu við starfsfólk, nemendur og aðra notendur húsanna.

Að húsnæðið sé í samræmi við kröfur um aðbúnað og hollustuhætti. Að húsnæðið sé ávallt til reiðu, í góðu og þrífalegu ástandi þannig að starfsemi skólans verði framkvæmd með skilvirkum hætti og án hindrana.

Húsnæði í rekstri

Húsnæði skólans er á eftirtöldum 4 stöðum og er um 20 þúsund fermetrar að stærð:

Skólavörðuholt – Aðalbygging, Vörðuskóli

Háteigsvegur - Sjómannaskólahús, Vélahús, Rafmagnshús

Skeljanes – flugvirkjun, múrdeild og bygging sumarhúsa

Lagnakerfamiðstöðin - Keldnaholti

Breytingar og viðhald á húsnæði 2013

Skólavörðuholt

- Vörðuskóli – kennslustofur á 2.hæð endurnýjaðar.
- Vörðuskóli – opnað á milli íþrótt- og tækjasalar.
- Skipt um þak á verknámsálm.
- Andyri Hársnyrtiskólans endurnýjað.

Háteigsvegur

- Kennslustofur á 2.hæð endurbættar frá grunni.
- Nýr gólfdukur á gang 3.hæðar.

14.2 Bókasafn og upplýsingamiðstöð

Bókasafn og upplýsingamiðstöð Tækniskólans er á tveimur stöðum, á Skólavörðuholti og á Háteigsvegi.

Meginhlutverk bókasafns og upplýsingamiðstöðvar er að veita nemendum og starfsmönnum Tækniskólans greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum vegna náms og kennslu. Þar er veitt fjölbætt þjónusta, s.s. aðstoð við upplýsingaöflun og heimildaleit, útlán, uppsetningu verkefna og prentun auk persónulegrar aðstoðar við tölvunotkun. Safnið stendur fyrir kennslu í upplýsingalæsi fyrir fyrsta árs nemendur og starfsfólk kennir jafnframt hvernig fara skal með heimildir í heimildaritgerðum og lokaverkefnum.

Safnkosturinn er skráður í bókasafnskerfið Gegni auk þess sem safnið nýtir sér landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum gegnum vefinn hvar.is.

Starfsfólk bókasafns og upplýsingamiðstöðvar hefur umsjón með vef skólans, upplýsingaskjám og útgáfu prentkorta til nemenda og starfsfólks.

Skrifstofa skólans hefur verið sameinuð bókasafni- og upplýsingamiðstöð. Á Háteigsvegi er sú þjónusta öll á bókasafninu á 4. hæð, en á Skólavörðuholti er bókasafn á 5.hæð en skrifstofa á 1. hæð gegnt aðalinngangi. Starf alþjóðafulltrúa fellur einnig undir bókasafn og upplýsingamiðstöð.

Skráð eintök í bókasafnskerfið Gegni: 18.654 (ath. ekki er allur safnkosturinn skráður í kerfið). Heildarútlán: 15.182 Heildarfjöldi lánþega: 1000 , þ.a. 902 nemendur.

Starf alþjóðafulltrúa fellur undir bókasafn og upplýsingamiðstöð.

Skólinn sótti um styrki til Menntaáætlunar Evrópusambandsins (Leonardo) til að gera nemendum og starfsmönnum kleift að sækja sér fræðslu og starfsþjálfun í öðrum Evrópulöndum. Jákvætt svar fékkst við báðum umsóknum. Skólinn fékk úthlutað 60.000 evrum til nemendaverkefna og 8.880 evrum til fræðsluferða starfsmanna. Styrkirnir gera 15 nemendum kleift að stunda nám og starf erlendis frá tveimur vikum upp í fjóra mánuði. Sex starfsmenn njóta góðs af úthlutuninni, gert er ráð fyrir að hver þeirra fari í vikulanga heimsókn til evrópskra skóla og fyrirtækja.

14.3 Tölvudeild

Uppbygging kerfis

Tölvukerfi Tækniskólans er byggt upp í kringum Microsoft Active Directory (AD) notendagrunn. Réttindi og aðgangstakmörkunum er stýrt í gegnum þennan grunn. Reglum varðandi notendur og einstakar útstöðvar er stýrt í s.k. Group Policy í AD og skriftum.

Microsoft Office 365 keyrir tölvupóstkerfi starfsmanna og nemenda.

Netþjórnar keyra Windows Server 2012r2 stýrikerfi og útstöðvar Windows 8.

Flest gögn nemenda eru hýst í skýinu hjá OneDrive (live@edu) þjónustu Microsoft.

Önnur gögn er varða nemendur eru hýst hjá Advania (Inna)

Námsnetið er hýst á einum þjóni í HP blade kassa skólans.

Netþjórnar

Keyra á HP Blade og eru meirihluti þjónanna keyrðir í Microsoft Hyper-V.

Aðrir þjórnar keyra á blöðunum í Blade stæðunni.

Kerfisrými

Eru tvö annað staðsett á Skólavörðuholti, og hitt staðsett á Háteigsvegi.

Nethögun

Internet tenging Tækniskólans keyrir á FS-neti sem er nú rekið af Vodafone, 100mb ljósleiðari og er allri umferð stýrt með Sonicwall eldvegg.

Háteigsvegur tengist inn með Darkfiber frá Gagnaveitunni. Varatengingar eru staðsettar bæði á Háteigsvegi (4 mb sds) og Skólavörðuholti (16mb\1mb Adsl +100mb tenging frá Milu)

Afritun

Afritun er tvískipt, annarsvegar er tekið langtímaafrit á spólur sem eru geymdar í eldvörðu rými í skólanum (Skólavörðuholti) og hinsvegar er iscsi diskastæða sem er staðsett í kerfisrými á Háteigsvegi sem tekur skammtímaafrit.

Þráðlaust net

Þráðlausa netinu er einnig stýrt með Sonicwall og er því tvískipt, annarsvegar opið net sem allir geta fengið aðgang að en er mjög takmarkað, og hinsvegar lokað net sem er læst og ætlað fyrir starfsmenn. Fyrirhugað er að breyta þessu og læsa alveg báðum netum með aðgangastýringu tengda við Active directory.

Prentun

Tækniskólinn er með prentþjónustusamning við PLT ehf. og sjá þeir um allt sem við kemur prentunum. Nándarkort eru notuð til að sækja útprentanir frá prenturum og er það MyQ-kerfi með tengingar í Active directory.

Aðgengi að gögnum og gagnaöryggi

Aðgangsstýringar eru framkvæmdar með NTFS réttindum og drif notenda skilgreind með hópum úr Active directory.



14.4 Starfsmannahald

Í lok ársins 2013 störfuðu hjá Tækniskólanum um 206 starfsmenn. Kennarar, þroskaþjálfar og aðstoðarfólk þeirra voru 163, námsráðgjafar 3, stjórnendur 15 og aðrir starfsmenn 25.

14.5 Starfsmannafundir

Haldnir eru fundir með öllum starfsmönnum a.m.k. tvisvar sinnum á önn, í upphafi og lok hvernar annar. Þess á milli eru kennarafundir í lok hvers mánaðar. Innan hvers skóla eru svo skipulagðir fundir sem fagskólastjórar halda utan um og ráðstafa þeim tímum sem eru með fundarhléum í töflum allra kennara.

Á fyrsta starfsmannfundi á vorönn 2013 sem haldinn var 7. janúar voru lagðar megin áherslur fyrir vorönnina:

Nýir starfsmenn

- sagt var frá nýjum starfsmönnum sem hófu störf á vorönn og þeim sem létu af störfum um áramótin

Ýmislegt um árið 2012

- Skref fyrir skref, fram á við.
 - Mikil festa í starfinu.
 - Jákvæðar og góðar niðurstöður vinnufundar um skrefin fram á við.
 - Jákvæðar niðurstöður í úttektum og jákvæð umfjöllun um skólann
- Nýnemakönnun.
- Stórt skref í innleiðingu verkefnabundins náms.
- Stefnumótun Hönnunarbrautar
- Tillögur um almennt nám á öllum brautum kynntar fyrir ráðuneytinu. Lokið verður við þær í febrúar.
- Tölfræðin aðallega upp.
- Farið yfir statistik ársins 2013

Grunnþættir menntunar

- Rætt um grunnildi menntunar sem birtast í aðalnámsskrá sem leiðarljós við námsskrágerð
 - læsi
 - sjálfbærni
 - Heilbrigði og velferð
 - Lýðræði og mannréttindi
 - Jafnrétti
 - sköpun
- Rætt var um Skil skólastiga eftir Gerði G. Óskarsdóttur og gerð grein fyrir helstu niðurstöðum
- Við getum örugglega gert betur!
 - nota Námsnetið betur
 - nota meira upplýsingar og efni á netinu
 - blanda saman mörgum aðferðum í kennslu
 - nota e-mission upptökur
 - Meira verkefnabundið, það þurfa ekki allir að vera samferða
 - vera nýungagjörn, nota tæknina
 - ekki að hugsa, þetta á ekki við mig
 - Við erum á réttri leið en gætum sumstaðar verið framsæknari.
- Að stíga skrefin framávið
 - Farið yfir helstu þætti og aðgerðir til framkvæmda
- Rætt var um Rekstrarhandbók, vottun og úttektir, til hvers?
 - Farið var yfir rekstrarhandbókina og áætlaða heildarúttekt 2014
- Upplýsingamiðstöð skólans kynnti þjónustu sína og Leonardó styrki fyrri nemendur og kennara
- Starfsáætlun vorannar 2014 yfirfarin.



Á kennarafundi 15. mars var fjallað um eftirfarandi:

Staða í vinnu við námsskrá Tækniskólans

- Farið var yfir yfirlit sem sýnir eftirfarandi:
- 14 námsskrár hafa verið samþykktar af MMR til kennslu
- 7 námsskrár bíða samþykktar MMR
- 5 námsskrár eru í lagfæringarferli hjá TS
- 4 nýjar námsskrár eru í vinnslu

Kynning á kjarna, brautarkjarna og stúdentskjarna.

- Farið var yfir kynningu á nýrri námsskrá Tæknimenntaskólans
 - Breytingar frá núverandi námsskrá
 - Íþróttir skylda upp að 18 ára aldri
 - Danska fer úr skólakjarna
 - Nát - áfangar fá sín gömlu heiti og breytast nokkuð
 - Nýtt einingakerfi áfanga tekur við (framhaldsskólæiningar)
- Almenn menningarlæsi, farið yfir áfangann og innihald hans
- Almenn raunvísindi, farið yfir áfangann og innihald hans
- Almenn nám í kjarna brauta- farið yfir eftirfarandi áfanga og einingafjölda þeirra
 - Grunntækninám
 - Stúdentspróf af fagbrautum
 - Náttúrufræðibrautir með sérhæfingu
 - Skilyrði til stúdentsprófs
 - Dæmi um uppbyggingu brauta
 - Röð áfanga í stærðfræði

Nýir áfangar á öllum brautum: Almenn menningarlæsi og almenn raunvísindi

- farið var yfir skipulag og framkvæmd miðannamats samkvæmt rekstrarhandbók
- rætt var um helstu ástæður þess að miðannamat er framkvæmt
- Farið var yfir áfanga- og kennslumat sem er hluti af sjálfsmati skólans
- Farið yfir svörum nemenda í kennslumatskönnun
- Farið yfir einkunnagjöf einstakra skóla

Fyrstu drög að starfsáætlun næsta starfsárs

- Lögð voru fram drög að starfsáætlun TS á haustönn 2013 og vorönn 2014

Uppskerudagur 20. apríl og vinnudagur starfsmanna 26. apríl

- Rætt um uppskerudag 20. Apríl og vinnudag kennara 26. apríl

Á kennarafundi 26. apríl var fjallað um eftirfarandi:

Nýr þjónustusamningur og nýr skólasamningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

- Kynntur var nýr þjónustusamningur og skólasamningur TS og MMR 2013-2018
- Samningarnir undirritaðir 18. mars 2013 af menntamálaráðherra, formanni stjórnar TS og skólameisturum
- Farið yfir helstu atriði þjónustusamningsins
- Farið yfir helstu atriði skólasamningsins

Næstu fimm árin

- Farið var yfir hugleiðingar um hvert við stefnum næstu fimm ári og hvað þarf til
- Rætt var um hvað hefur gerst á fyrstu fimm árunum
 - Fjárhagsstaða í jafnvægi
 - Skólinn kominn í jafnvægi



- Þekktur sem Tækniskólinn
- Betri ímynd, markaðsvitund orðin töluverð
- Leiðandi starfsnámsskóli
- Farið yfir helstu markmið úr þjónustusamningnum frá 2008 – með tölulegum upplýsingum
- Næstu fimm árin – hugleiðing um þróun TS til næstu finn ára og var þar ma rætt um:
 - Framsækinn skóla og góður vinnustaður sem skilar vel menntuðum nemendum, til atvinnulífsins
 - Samvinnu við atvinnulífið – halda áfram að bæta gæði námsins
 - Minnka brottfall
 - Fagháskólastigið
 - Húsnæðismál

Starfsáætlun næsta starfsárs

- Starfsáætlun næsta skólaárs lögð fram og samþykkt, farið yfir hugmyndir og hugleiðingar um þróun TS á næstu árum.

Á kennara og starfsmannafundi 23. maí var fjallað um eftirfarandi:

Lok vorannar 2013

- Fjallað var um ýmislegt um haust 2013
- Farið var yfir árangur 2010-2012 og kynntar tölur um brottfall, og meðaltals viðveru nemenda
- Stefna að heildarvottun skólans á árinu 2014

Breytingar á Windows umhverfi

- Rætt um tölvukerfi skólans og kom ma eftirfarandi fram:
 - Breytingar á yfirstjórn tölvudeildar
 - Staða á rekstri og virkni tölvukerfa
 - Stefnt á Window 8 umhverfi á haustönn
 - Kerfin að virka þökkalega vel
 - Nýtt beiðnakerfi í góðri virkni
 - Starfsmenn þjónustuliprir

Þeir sem láta af störfum

- Sagt frá þeim starfsmönnum sem láta af störfum og nýjum starfsmönnum sem hefja störf á haustönn 2012
- Nýjir starfsmenn kynntir og boðnir velkomnir.

Á starfsmannafundi 21. ágúst var fjallað um eftirfarandi:

Nýtt skólaár

- Sagt frá þeim starfsmönnum sem láta af störfum og nýjum starfsmönnum sem hefja störf á haustönn 2012
- Nýjir starfsmenn kynntir og boðnir velkomnir.

Nám og kennsla

- Raftækniskólinn – verkefnabundið nám, Valdemar G. Valdemarsson fór yfir framkvæmd verkefnabundins náms í Raftækniskólanum og kom ma fram:
 - Nýju framhaldsskólalögin gáfu tóninn fyrir breytingar
 - Vinna undirbúningsteymis starsmanna
 - Mæta nemendum þar sem þeir eru staddir – ljúka námi á skemmri tíma
 - Stundataflan verður að vinnudegi
 - Innlögn kennara- námsefni á netinu – mæting skráð með aðgangskortum
 - Þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum
 - Ferilbók um framvindu náms



- Þriðja og fjórða önn í verkefnastýrðu námi
- Þriggja ára breytingarferill
- Námið byggir á þrem lotum
- Mentor horn – eldri nemendur aðstoða yngri
- Húsnæði breytt verulega til að aðlaga húsnæði að skipulagi námsins
- Skólinn opinn 8-23 – vinnustaður nemenda
- Gengið mjög vel – virkni kennara mjög góð
-
- Námsver á bókansafni Skólavörðuholti
 - Námsver er regnhlífarhugtak sem nær yfir öll þau sér námsúrræði og alla þá stoðþjónustu sem Tækniskólinn veitir
 - Námsverið er ætlað nemendum með dyslexíu eða annan námsvanda,
 - nemendum sem þurfa sérstakan stuðning í bóklegum greinum, aðallega þó almennum greinum s.s tungumálum og stærðfræði.
 - Nemendur geta leitað stuðnings í námsverinu við heimanám, verkefnavinnu, prófundirbúning og próftöku.
 - Nemendur í öllum bóklegum greinum bæði almennum og fagtengdum geta fengið aðstoð við próftöku.
- Ágreiningur um námsmat
 - Farið yfir reglur um úrlausn ágreinings um námsmat
 - Sagt frá ferð starfsmanna til Finnlands og skólaheimsóknum í ferðinni

Áherslur á starfsárinu

- Heilsuefandi framhaldsskóli: Hreyfing-Næring-Geðrækt-Lífsstíll
 - Sagt frá því hverjir eru í nefndinni og hlutverki nefndarinnar og verkefnum framundan
 - Þema 2013-2013 „NÆRING“ Bronsviðurkenning.
 - Þema 2013-2014 „HREYFING“ – stefnan sett á silfur
 - Í stefnu skólans er lögð áhersla á að stuðla að daglegri hreyfingu nemenda og starfsfólks.
 - Í stefnu skólans er lögð áhersla á öryggi nemenda og starfsfólks. Til staðar er öryggis- og viðbragðsáætlun sem endurskoðuð er á 2ja ára fresti.
 - Skólinn á í töluverðu óformlegu samstarfi við utanaðkomandi aðila í nærsamfélaginu um aðgerðir sem snerta hreyfingu nemenda og starfsfólks.
 - Skólinn stendur fyrir stöðumati á hreyfingu nemenda og starfsfólks á 3-4 ára fresti.
 - Aðgengi hreyfihamlaðra að og um skólann er gott.
 - Starfsfólk – virkur ferðamáti heilsurækt hjól og ganga
 - Íþróttir, íþróttaviðburðir og þemadagar
 - Lagfæring aðstöðu til að auðvelda framkvæmd markmiða

Á kennarafundi 22. nóvember var fjallað um eftirfarandi:

- Getur notkun á snjall-tækjum gert góða kennslu betri.
 - Fyrirlestur frá Nýherja um notkun snjalltækja við kennslu
- Kynning Advania á nýju „námsneti“ tengdu INNU.
 - Starfsfólk Advania kynnti nýjan námsvef sem er þróaður með Tækniskólanum Stefnir er að því að tilraunakeyra hann í Tækniskólanum á vorönn 2014
- Starfsáætlun vorannar 2014.

Framkvæmdir í sumar

- Farið yfir helstu framkvæmdir í skólahúsum í sumar.
-

Tölvumál

- Farið yfir stöðu tölvukerfa á haustönn og breytingar sem gerðar hafa verið
- Uppfærslur í Win 8 stýrikerfi
- Endurnýjun tækja og búnaðar



14.6 Starfsmannafélag, starfsemi

Starfsemi Starfsmannafélags Tækniskólans var með hefðbundnu sniði árið 2013.

Árshátíð félagsins var haldin 2. mars í Versölum við Hallveigarstíg, þriðja árið í röð, og fór vel fram. Steikarhlaðborð svignaði undan kræsingum, veislustjórar frá Mið-Íslandi héldu utan um skemmtiatriðin og hljómsveit skipuð úrvals tónlistarmönnum lék undir öllu saman.

Í haust var skipuð skemmtinefnd sem setti saman ferð í Landnámssetrið í Borgarnesi, 25. október. Þangað fóru 46 manns, bæði starfsfólk og makar þeirra, sem nutu matar og skemmtunar Hunds í óskilum.

Jólahlaðborðið sívinsæla fór fram 6. desember þar sem Sigvaldi kokkur á Skólavörðuholtinu sá um matreiðslu að venju. Hinn fjölhæfi Guðni Ágústsson var veislustjóri og lék við hvern sinn fingur, auk þess sem jólasveinn og Ólafur Sveinn atvinnulífstengill slógu í gegn, hvor á sinn hátt.

Stjórn félagsins er skipuð eftirfarandi starfsmönnum:

Áslaug Ásmundsdóttir formaður

Helga Þórey Júlíudóttir varaformaður

Gunnar Sigurðsson meðstjórnandi

Matthías Skúlason meðstjórnandi

Ómar Árnason gjaldkeri

Helga Rakel Þorgilsdóttir skemmtinefnd

Jóna Dís Bragadóttir skemmtinefnd

Ólafur Sveinn Jóhannesson skemmtinefnd

14.7 Fjármálastjórn, bókhald og skólaskrifstofa

Undir rekstrarsvið heyrir einnig rekstur skólaskrifstofu og bókhaldsdeildar, auk fjármálastjórnunar.

Bókhald skólans er fært í Navision Finance bókhaldskerfi. Mánaðarlega eru unnin rekstraruppgjör sem lögð eru fyrir stjórnarfundi.

14.8 Afkoma ársins


Rekstur Tækniskólans var í jafnvægi árið 2013 og hagnaður 0,9% af heildarveltu.

Heildartekjur ársins 2013 voru 2.389,8 milljónir, þar af sértekjur 351,6 milljón. Rekstrarkostnaður nam 2.317 milljónum, þar af námu laun, aðkeypt kennsla og annar starfsmannakostnaður 1.791 milljón króna. Afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld námu samtals 57,6 milljónum. Hagnaður ársins nam því tæpum 21,4 milljónum króna.

Launahlutfall hækkar milli ára, fer úr 73,5% í 75%, en var tæp 80% árið 2010.

Þrátt fyrir að aðhalds sé gætt í rekstri hækka rekstrargjöld um 9,4% í krónum talið, en sem hlutfall af heildartekjum hækkar hlutfallið um 2% úr 20% í 22%.

Í árslok voru eignir samtals 396,8 milljónir króna og eigið fé 133,6 milljónir. Eiginfjárlutfall er því 33,66% en var 29,2% árið 2012.



Rekstrarreikningur ársins 2013

	Skýringar	2013	2012
Rekstrartekjur			
Þjónustusamningur Ríkissjóðs		2.038.167.272	1.969.245.121
Aórar tekjur og styrkir		351.597.640	368.262.113
		<u>2.389.764.912</u>	<u>2.337.507.234</u>
Rekstrargjöld			
Laun, launatengd gjöld og aðkeypt vinna		1.791.035.582	1.717.423.316
Rekstur húsnæðis		298.314.643	283.555.229
Annar rekstrarkostnaður		227.664.940	197.135.213
		<u>2.317.015.165</u>	<u>2.198.113.758</u>
Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði		72.749.747	139.393.476
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	2	54.500.458	58.832.041
Afskrift hlutafjäreignar	3	0	40.500.000
		<u>54.500.458</u>	<u>99.332.041</u>
Rekstrarhagnaður		18.249.289	40.061.435
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		6.101.129	4.056.516
Vaxtagjöld, verðbætur og bankakostnaður		(3.458.765)	(4.230.420)
Gengishagnaður / (-tap)		479.266	615.549
		<u>3.121.630</u>	<u>441.645</u>
Hagnaður ársins		<u>21.370.919</u>	<u>40.503.080</u>

